# FRÉTTABLAÐIÐ

20. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 24. JANÚAR 2019




**Skúla fógeta blandað í deilur um Víkurgarð.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## Hótað að Skúli fógeti loki hóteli á Landsímareit

**STJÓRNSÝSLA** Forstöðumaður Minjastofnunar varaði hótelbyggjendur á Landsímareitnum við og sagði að Minjastofnun gæti látið færa styttuna af Skúla fógeta og sett hana fyrir inngang hótelsins verði hann um Víkurgarð. Ágreiningur hefur verið um fyrirhugaðan inngang hótelsins og viðraði forstöðumaðurinn möguleikann á að beita styttunni með þessum hætti á fundi með fulltrúum Lindarvatns, lóðarhafa á Landsímareitnum, um inngangságreininginn sem haldinn var í lok október. Er ummælanna getið í fundargerð.

„Hún virðist aðallega vera að láta okkur vita af því að hún geti gripið til þessa ráðs ef við færum ekki innganginn eins og hún óskar eftir,“ segir Jóhannes Stefánsson, framkvæmdastjóri Lindarvatns, og furðar sig á því að forstöðumaður ríkisstofnunar geti viðhaft ummæli sem þessi og veltir fyrir sér hvort þetta sé til marks um vandaða stjórnsýsluhætti.

Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar, vildi ekki tjá sig um málefni Víkurgarðs þegar Fréttablaðið óskaði viðbragða hennar. Hún vísaði til skyndifriðunar sem stofnunin lagði á þann hluta Víkurgarðs sem er innan byggingarreits Lindarvatns vegna hins fyrirhugaða inngangs og sagðist ekki tjá sig um málið fyrr en að skyndifriðun lokinni.

Þegar blaðamaður óskaði eftir að fá að gera grein fyrir efni fréttarinnar baðst hún undan upplýsingum þar að lútandi. „Veistu, mig langar ekki að vita það og ég ætla ekki að tjá mig um það.“ **– aá /** **sjá síðu 6**

### Lifandi fædd börn á hverja konu




Árið 1855 voru **5,248** lifandi börn á hverja konu

Árið 2017 var **1,71** lifandi barn á hverja konu



Frjósemi á Íslandi hefur verið með því mesta sem þekkist í Evrópu hingað til en árið 2016 var frjósemi undir tveimur í öllum löndum Evrópusambandsins.

### Meðalaldur frumbyrja á Íslandi







### Frjósemi kvenna út frá aldri




# Konur eru að koma of seint

**1/6**

Eitt af hverjum sex pörum á í vandræðum með að eignast börn.

Margir glíma við þann sára veruleika að geta ekki eignast börn. Aðrir vilja ekki eignast börn. Enn aðrir missa af lestinni og þar skortir á fræðslu um frjósemi. → 10, 12

*Tölfræði er fengin hjá Hagstofunni

## Meirihluti er hlynntur því að seinka klukkunni

**SAMFÉLAG** Meirihluti Íslendinga er hlynntur því að klukkunni verði seinkað um eina klukkustund í samræmi við hnattstöðu landsins. Þetta eru niðurstöður nýrrar könnunar sem Zenter gerði fyrir Fréttablaðið og frettabladid.is.

Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 57 prósent vilja seinka klukkunni um klukkustund. Rúm 30 prósent vildu hafa klukkuna óbreytta en fólk yrði með fræðslu hvatt til að fara fyrr að sofa. Þá vildu tæp 13 prósent hafa klukkuna óbreytta en skólar og fyrirtæki og stofnanir hæfu starfsemi seinna á morgnana.

Þetta eru þeir þrír valkostir sem forsætisráðuneytið setti fram í greinargerð um staðartíma. Málið er nú í samráðsferli en alls hafa tæplega 1.200 umsagnir borist.

Lítill munur er á afstöðu kynjanna til hugsanlegra breytinga á klukkunni. Þá eru ekki skýr tengsl milli aldurs og afstöðu. Sé litið á búsetu eru 69 prósent Vestfirðinga hlynnt því að seinka klukkunni en minnstur stuðningur er á Austurlandi þar sem 51 prósent er því fylgjandi.

Netkönnun Zenter var framkvæmd á tímabilinu 18.-22. janúar. Alls voru 3.100 manns í úrtakinu en svarhlutfallið var 41,5 prósent. **– sar**




ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

Allt að 60% afsláttur

**Stórafsláttur af völdum úrum og skartgripum**

MICHELSEN ÚRSMIÐIR

Laugavegi 15 og Kringlunni - michelsen.is

**HNÍFAPARATÖSKUR**

12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM

MIKIÐ ÚRVAL

VERÐ FRÁ KR. 24.990



Tékk KRISTALL

LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

**Þorrablóts-skraut!**



Finndu okkur á f

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

## Veður




Austan 10-15, snjókoma með köflum og slydda eða rigning síðdegis við suðurströndina. Hægari vindur og úrkomulítið norðan heiða, en dálítil snjókoma síðdegis.
SJÁ SÍÐU 26




**Trúlega lítur lyklaborð kínverskra ritskoðenda þó ekki út eins og á myndinni.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Kína lokaði fyrir þúsundir smáforrita

**KÍNA** Veraldarvefsstofnun Kína (CAC) tilkynnti í gær að fyrirtækið hefði að undanförnu eytt sjö milljónum innleggja á veraldarvefnum og nærri 10.000 öppum. Þetta var gert í átaki gegn „óásættanlegum og skaðlegum“ upplýsingum sem hófst í mánuðinum. Aukinheldur hefur verið lokað fyrir 733 vefsíður.

Ritskoðun á kínverska veraldarvefnum er ekki nýtt fyrirbæri. Lokað er fyrir fjölda þeirra vefsíðna sem Vesturlandabúar venja komur sínar á. Talað er um „Vefkínamúrinn“ (e. Great Firewall of China) í þessu samhengi. Athugaverðasta dæmi undanfarinna missera var ef til vill þegar efni tengt hinum geðþekka Bangsímon var bannað þar sem Kínverjar höfðu dregið dár að forsetanum Xi Jinping með því að líkja honum við teiknimyndabjörninn vinsæla.

Tæknirisinn Tencent, þekkt fyrri tölvuleiki á borð við League of Legends og á að auki hluta í Fortnite, fékk slæma útreið í yfirlýsingu CAC í gær. Kínverska stofnunin sagðist hafa lokað fyrir fréttaappið Tiantian Kuiabao vegna þess að þar hefði „groddalegum og lágkúrulegum upplýsingum sem skaða vistkerfi veraldarvefsins“ verið dreift. **– þea**

## Á bretti í Bláfjöllum




**Þetta unga fólk virtist hamingjusamt og var rjótt í kinnum á skíðasvæðinu í Bláfjöllum, sem var opnað í gær í fyrsta sinn í vetur. Nóg var af skíða- og brettafólki í brekkunum, enda margir sem hafa beðið þess spenntir að skíðasvæðin opni.**

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir úr fjallinu er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðsappinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Fátítt að vísa ákærðum út

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð í innherjasvikamáli tengdu Icelandair lýkur í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag með munnlegum málflutningi. Átta vitni gáfu skýrslu fyrir dómi í gær, þar á meðal þeir þrír sem ákærðir eru í málinu. Dómari ákvað að ákærðu fengju ekki að hlýða á vitnisburð hver annars sem mun vera afar fátítt við meðferð sakamála og bókuðu verjendur athugasemdir við þessa málsmeðferð.

Fyrrverandi forstöðumaður leiðakerfisstjórnunar Icelandair er ákærður í málinu fyrir að hafa veitt upplýsingar um stöðu félagsins sem hann fékk í krafti innherjastöðu sinnar. Stærsta brotið sem ákært er fyrir mun hafa átt sér stað í tengslum við afkomuviðvörun sem Icelandair sendi frá sér í febrúar 2017. **– aá**




# Auka frelsi húseigenda í þremur borgarhverfum

**Eigendur húsnæðis í Árbæ, Selási og Ártúnsholti geta með nýju hverfisskipulagi fengið heimild til að byggja við og skipta upp húsnæðinu til að bæta við íbúðum. Málið er tekið fyrir í borgarráði í dag. Ætlunin er að þétta byggð í hverfinu.**

**SKIPULAGSMÁL** Húseigendur í þremur hverfum Reykjavíkur til að byrja með eiga að fá stóraukið frelsi til að nýta eignir sínar til þéttingar byggðar samkvæmt tillögu að hverfaskipulagi fyrir Árbæ, Selás og Ártúnsholt sem tekin verður fyrir í í borgarráði í dag.

„Hverfisskipulag er nýtt skipulagstæki sem einfaldar íbúum að gera breytingar á fasteignum sínum í eldri hverfum borgarinnar og opnar möguleika á verulegri fjölgun lítilla íbúða í grónum hverfum,“ segir um málið á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

„Í nýju hverfisskipulagi munu íbúar að uppfylltum skilyrðum til dæmis geta fengið heimild til að stækka húsnæðið sitt með viðbyggingum. Einnig geta margir fengið heimildir til að innrétta aukaíbúðir í húsum sínum með því að byggja við, skipta upp eldra rými eða breyta lítið notuðum bílskúr í litla íbúð,“ segir á reykjavik.is.

Hið nýja fyrirkomulag er enn fremur sagt geta stuðlað að verulegri fjölgun íbúða í borginni. Samkvæmt áætlunum gæti íbúðum í fyrrnefndum þremur Árbæjarhverfum fjölgað um allt að 1.989 eftir þessa breytingu.

Málið var áður samþykkt í skipulags- og samgönguráði 19. desember síðastliðinn. Fram kemur í auglýsingu á vef borgarinnar að það hafi verið gert samhljóma.

„Allt miðast að því að hverfin verði sjálfbærari og grænni og að íbúar geti þekkt hverfin sín vel og þær heimildir sem þar er að finna hvort heldur sem það er í verslunarkjörnum eða á einkalóðum. Aldrei hefur verið farið í eins viðamikið samráð við íbúa eins og við gerð hverfisskipulags,“ sagði meðal annars í bókun skipulagsráðs.

Skipta má auknum heimildum í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða viðbætur á lóð sem geta verið viðbyggingar, ofanábyggingar eða aukabyggingar. Síðan verður leyft að skipta stórum eignum upp í smærri einingar og búa til fleiri íbúðir þar sem aðstæður leyfa. Þá verður hægt að breyta atvinnuhúsnæði, bílskúrum eða geymslum í íbúðir.

„Með nýju hverfisskipulagi munu margir íbúar fá heimildir til að reisa viðbyggingar, kvisti, svalir og garðskúra sem og leyfi til að fjölga íbúðum,“ segir í kynningarmyndbandi á vef borgarinnar. Þegar skipulagið hafi verið samþykkt megi sjá allt um það í nýrri hverfasjá. Þar verði hægt að sækja um leyfi til breytinga. **gar@frettabladid.is**



**Leyft verður að fjölga íbúðum með ýmsu móti, m.a. í Árbæ.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **Með nýju hverfisskipulagi munu margir íbúar fá heimildir til að reisa viðbyggingar, kvisti, svalir og garðskúra sem og leyfi til að fjölga íbúðum.**
>
> Úr kynningarmyndbandi Reykjavíkurborgar






Með Punktum og peningum getur þú nýtt Vildarpunkta Icelandair upp í hvaða flug sem er.
Líttu inn á vefinn okkar og lækkaðu verðið á ferðinni þinni.

airicelandconnect.is

Air Iceland Connect

# Kvarta yfir þyrlueinokun á Indlandi

**INDLAND** Flokksmenn Congress, stærsta stjórnarandstöðuflokks Indlands, sögðust í gær eiga í vandræðum með að finna þyrlur til að ferja leiðtoga flokksins á milli staða í aðdraganda þingkosninga sem fara fram í vor. Narendra Modi forsætisráðherra og BJP-flokkur hans eru sagðir sökudólgarnir og kennt um að einoka þyrlur landsins.

Indland er stórt og fjölmennt með 1,3 milljarða íbúa. Frambjóðendur þurfa því að ferðast mikið.

Anand Sharma, fyrrverandi iðnaðarráðherra og háttsettur innan Congress, sagði BJP hafa bókað stóran hluta indverska þyrluflotans níutíu daga fram í tímann. Venjan sé að slíkar bókanir séu með 45 daga fyrirvara. „BJP hefur tryggt sér flestar þyrlurnar enda á flokkurinn digra sjóði. Ef við hugsum okkur að auði flokkanna tveggja sé skipt í hundrað hluta ættu þau níutíu, við tíu,“ sagði Sharma.

BJP-liðar þvertaka fyrir að flokkurinn einoki þyrluflotann.

Kosið er um 543 sæti í neðri deild þingsins í hollum í apríl og maí. Alls eru 545 sæti í boði en forseti skipar þau tvö sem eftir standa út frá tilnefningum ensk-indverska samfélagsins þar í landi.

Skoðanakönnun frá því fyrr í janúar sýnir að stefni í að bandalag BJP fái 245 þingsæti, bandalag Congress 146 og aðrir flokkar 152. Verði þetta raunin hefur hvorugt bandalagið meirihluta. **– þea**



Narendra Modi þykir einoka þyrlur í kosningabaráttunni. NORDICPHOTOS/AFP

# Ólafía fer ekki aftur fram í VR

**KJARAMÁL** „Það er rétt að það hefur verið leitað til mín um að bjóða mig aftur fram til formennsku í VR, en ég var búin að taka þá skýru afstöðu að það myndi ég ekki gera og hún stendur, segir Ólafía B. Rafnsdóttir, fyrrverandi formaður VR. Hún tapaði fyrir Ragnari Þór Ingólfssyni sem bauð sig fram gegn henni í formannskjöri 2017.

Búist er við að stjórnarkjör fari fram í mars en ekki hefur enn verið auglýst eftir framboðum og framboðsfrestur ekki kynntur.

Ólafía segir að þrátt fyrir að mikið hafi verið þrýst á sig sé hún ekki tilbúin að fórna öðrum fjórum árum í þetta verkefni. „Ég skilaði mínum fjórum árum og er stolt af þeim. **– aá**



**LEIÐRÉTTING**

*Ranghermt var í blaðinu í gær að Boeing 737 MAX 8 þota flugfélagsins Lion Air hefði hrapað í Indónesíu vegna bilunar í hreyfli. Orsökin er rakin til bilunar í skynjara.*


FRÉTTABLAÐIÐ

**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.


# Segir nýjan takt í viðræðunum

**Framkvæmdastjóri SA segir nýjan takt kominn í kjaraviðræður en fyrirhugaðir eru þrír samningafundir milli deiluaðila hjá ríkissáttasemjara í næstu viku. Borgarstjóri fagnar því að húsnæðismál séu í forgrunni.**

**KJARAMÁL** „Ríkissáttasemjari er búinn að boða þrjá fundi í næstu viku. Það er kominn nýr taktur í samningaviðræðurnar og ég met það svo að hver fundur færi okkur nær lausn,“ sagði Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, eftir samningafund með Eflingu, Verkalýðsfélagi Akraness, Verkalýðsfélagi Grindavíkur og VR sem fór fram í gær.

Á fundinum var meðal annars rætt um tillögur átakshóps um aðgerðir á húsnæðismarkaði. „Það er mitt mat að þetta útspil í húsnæðismálum hafi verið mikilvægt og sé til þess fallið að koma skriði á viðræður við alla hópa. Þetta ávarpar hinn raunverulega vanda sem er að hluti samfélagsins býr við framboðsskort á fasteignamarkaði. Ef það er ráðist að rótum þess vanda þá er það í mínum huga lykillinn að farsælli lausn kjarasamninga,“ segir Halldór Benjamín.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, lýsir einnig yfir ánægju með húsnæðistillögurnar frá hópnum og fagnar því að húsnæðismálin séu nú eitt aðalmálanna við kjarasamningaborðið.

„Sagan hefur kennt okkur að einmitt í tengslum við kjarasamninga hafa stærstu umbæturnar í húsnæðismálum á Íslandi náð fram að ganga,“ segir Dagur.

Reykjavíkurborg og verkalýðshreyfingin hafi gengið í takt og talað fyrir svipuðum hugmyndum en mikilvægt sé að hafa náð samhljómi við borð þar sem ríkisstjórn og aðrir aðilar vinnumarkaðarins eigi líka sæti.

„Ég legg áherslu á að sem flestar og helst allar tillögurnar fari nú í markvissa vinnslu og mér fyndist eðlilegt að aðilar vinnumarkaðarins og ríkisstjórnin klári fjármögnun á lykiltillögum til þess að heilbrigðari húsnæðismarkaður verði að veruleika,“ segir Dagur en tillögurnar verða ræddar á fundi borgarráðs í dag.

Dagur bætir því við að mjög ánægjulegt sé að sjá að hópurinn hafi áttað sig á samspili góðra samgangna og húsnæðismála.

„Það eru beinlínis tímamót að svona breiður hópur sem er að fjalla um húsnæðismál kalli sérstaklega eftir að framkvæmdum við borgarlínu verði hraðað,“ útskýrir borgarstjórinn.

sighvatur@frettabladid.is



Fjörutíu tillögur voru settar fram af átakshópi til að bregðast við húsnæðisvandanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## ASÍ kynnir skattatillögur

Miðstjórn ASÍ samþykkti í gær tillögur um róttækar breytingar á skattkerfinu. Er þar meðal annars lagt til að tekið verði upp fjögurra þrepa skattkerfi með sérstöku hátekjuþrepi. Þá vill ASÍ hækka skattleysismörk og að þau fylgi launaþróun.

Einnig er lagt til að húsnæðisstuðningskerfin verði endurreist og að barnabætur nái til þorra barnafjölskyldna með því að draga verulega úr tekjuskerðingum. Í tilkynningu segir að markmið breytinganna sé að létta byrðum af lág- og millitekjuhópum og koma á réttlátari skattheimtu.

Bent er á að ríkissjóður gæti fjármagnað þessar aðgerðir til dæmis með hækkun fjármagnstekjuskatts, upptöku auðlegðarskatts og auknu skatteftirliti. Halldór Benjamín sagðist aðspurður ekki geta tjáð sig um tillögurnar að svo stöddu.





ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI JEEP Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep
THERE'S ONLY ONE



SPEEDTEST AWARDS
HRAÐASTA INTERNETIÐ Á ÍSLANDI
2018
Ekki:/ vera_risaeðla
Losaðu þig við myndlykilinn og sparaðu helling í leiðinni!
x
Sæktu Nova TV appið á 0 kr.
Já takk!
Stærsti skemmtistaður í heimi!
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is
NOVA

ÚTSALA
30-70%
PARKETFLÍSAR
3 litir
kr.1990.-m2
TARKETT HARÐPARKET
2 gerðir
kr.1890.-m2

VÖNDUÐ HEIMILISTEPPI
KR. 990.- - 1190.-m2
ÁLFABORG
- síðan 1986 -
Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is



Forstöðumaður Minjastofnunar sagði stofnunina geta tekið styttuna af Skúla fógeta og sett hana fyrir inngang hótelsins á Landsímareitnum, verði hann á stað sem stofnunin er mótfallin. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Minjastofnun neitar að taka við sáttaboðum

**Meðan á skyndifriðun stendur vill Minjastofnun ekki hlýða á sáttaumleitanir Lindarvatns um inngang í hótelið sem rísa mun á Landsímareit. Lóðarhafi segir Minjastofnun hafa allt aðra sýn á garðinn en deiliskipulag gerir ráð fyrir.**

**STJÓRNSÝSLA** Jóhannes Stefánsson, framkvæmdastjóri Lindarvatns, segir að eftir að Minjastofnun skyndifriðaði þann hluta Víkurgarðs sem er innan byggingarreits félagsins á Landsímareitnum hafi félagið reynt að verða við ýtrustu kröfum Minjastofnunar um að færa inngang fyrirhugaðrar hótelbyggingar.

„Við fórum með tillögu á fund Minjastofnunar núna 14. janúar sem er alveg eins og krafan sem Minjastofnun bar upp á fundinum í október þegar þau báðu um að þessi inngangur yrði færður og settur inn í horn garðsins. Við töldum að við værum að fallast á þeirra ýtrustu kröfur en í staðinn fyrir að þessu væri vel tekið var okkur eiginlega vísað á dyr. Minjastofnun tók ekki við erindinu og sagðist ekki vilja tjá sig um það að neinu leyti.“

> **Minjastofnun vill helst bægja mannlífi frá garðinum en það er í algjöru ósamræmi við skipulagið þarna.**
>
> Jóhannes Stefánsson framkvæmdarstjóri



Jóhannes segir umræðuna um nýtingu garðsins hina undarlegustu og Minjastofnun sé í rauninni að taka sér ákveðið skipulagsvald, hún sé að stíga á tær borgaryfirvalda sem fari með skipulagsvaldið. „Minjastofnun vill að það verði þarna aftur kirkjugarður og hefur jafnvel nefnt að það eigi að girða hann af, leggst gegn því að torgið verði notað undir matarmarkað og veitingasöluvagna og vill helst bægja mannlífi frá garðinum en það er í algjöru ósamræmi við skipulagið þarna af því að það kveður á um að þarna eigi að vera lifandi opið svæði og fólk geti setið þarna úti á góðviðrisdögum og notið borgarinnar.“

Skyndifriðunin er í gildi til 18. febrúar og gæti endað á borði mennta- og menningarmálaráðherra, óski Minjastofnun eftir því að svæðið verði friðað. „Málið er hjá Minjastofnun núna og gæti komið til ráðuneytisins og því ekki eðlilegt að ég tjái mig um það að svo stöddu,“ segir Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.

adalheidur@frettabladid.is

# Mótmæli gegn meintum valdaræningja

**VENESÚELA** Stjórnarandstaðan í Venesúela efndi í gær til fjöldamótmæla til þess að mótmæla ríkisstjórn Nicolás Maduro forseta. Fremstur í flokki var Juan Guaidó, 35 ára þingmaður og nýr þingforseti, sem venesúelska þingið gerði fyrr í mánuðinum að starfandi forseta þar sem kjörtímabil Maduro var runnið út og þingið álítur kosningar síðasta árs ógildar.

Mótmæli höfðu reyndar þegar hafist um nóttina á að minnsta kosti sextíu stöðum. Samkvæmt Reuters lenti mótmælendum saman við lögreglu og lést að minnsta kosti einn þeirra. Þrjátíu voru handtekin.

Maduro er hins vegar ósammála þessu mati. Hann hefur þegar látið setja sig inn í embætti á ný enda lítur hann svo á að hið nýja stjórnlagaþing, sem hann lét stofna árið 2017 eftir að stjórnarandstaðan náði meirihluta á gamla þinginu, sé æðra. Sósíalistaflokkur Maduro stóð því fyrir gagnmótmælum.

Stjórnarandstaðan nýtur stuðnings Bandaríkjanna, Samtaka Ameríkuríkja og Lima-hópsins, sem stofnaður var til að stuðla að friðsamlegri lausn á krísunni í Venesúela. Bandaríkjaforseti viðurkenndi í gær Guaidó opinberlega sem forseta landsins. Maduro tilkynnti í kjölfarið að hann ætlaði að slíta samskiptum við Bandaríkin.



Tugþúsundir mótmælenda mótmæltu stjórn Maduro í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Guaidó og fylgismönnum hefur ekki tekist að styrkja stöðu sína mikið á þeim tveimur vikum sem liðnar eru frá því hann var gerður að starfandi forseta. Stjórnarandstaðan telur vænlegast að leita aðstoðar hersins. Til þess hefur þeim hermönnum sem snúast gegn Maduro verið boðin friðhelgi. Samkvæmt Reuters hafa hermenn ríka ástæðu til þess að vera reiðir vegna þess efnahagshrunsins s í Venesúela. Kaupmáttur þeirra, líkt og annarra borgara, hefur orðið nærri enginn vegna gríðarlegrar verðbólgu. – þea

SIGRA
SJÚKRAÞJÁLFUN

Sigra fagnar!

Ari Már Fritzson sjúkraþjálfari BSc
hefur hafið störf hjá Sigra
í Læknavaktinni Austurveri,
og sinnir allri sjúkraþjálfun.

Tímabókanir í síma 556 1300.

arifritzson@sjukrathjalfari.is
sjukrathjalfari.is














# Fullt af fólki og fjör á skíðum í Bláfjöllum

Nokkuð var af fólki, færið prýðilegt og veðrið still og kalt, þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í Bláfjöllum í gær. Skíðasvæðið var opnað í fyrsta sinn í vetur í gær og mátti greina mikla gleði meðal skíðafólks í brekkunum.



F&F

# ÚTSALA

## ALLT AÐ

# 70%
afsláttur

FÆST EINGÖNGU Í
HAGKAUP

# Bílasalan næmari fyrir umræðunni

**Þjóðfélagsumræðan í vetur hafði töluverð áhrif á bílasölu. Aftur á móti jókst eftirspurn eftir bílaleigubílum.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Bílasala er orðin næmari fyrir umræðunni í þjóðfélaginu en áður að sögn forstöðumanns útlánasviðs Ergo. Á móti hefur uppgangur ferðaþjónustunnar myndað sveiflujöfnun inn í efnahagslífið sem gerir það að verkum að aukin eftirspurn er eftir bílaleigubílum.

Markaðurinn greindi nýlega frá samantekt Ergo sem sýndi að fjöldi nýskráðra bíla dróst saman um 18 prósent á milli ára. Árið 2018 fór vel af stað en það fór að hægja á sölunni á seinni hlutanum.

„Við þurfum að hafa í huga að við erum að bera 2018 saman við stærsta bílaárið í sögu Íslands. Bílasalan í ár mun verða á bilinu 15 þúsund til 17 þúsund bílar sem er mjög ásættanlegt,“ segir Haraldur Ólafsson, forstöðumaður útlánasviðs Ergo.

Fram kom í samantekt Ergo að bílasalar reki dræmari sölu á seinni hluta ársins til óvissu varðandi kjarasamninga. Haraldur segir að umræðan í þjóðfélaginu sé farin að hafa meiri áhrif á bílasölu en áður.

„Við erum að upplifa að bílasala er orðin viðkvæmari fyrir umræðunni í þjóðfélaginu og væntingum. Það er ný þróun,“ segir Haraldur og rifjar upp stöðuna síðasta haust. „Salan fer niður um miðjan september og það er á þeim tíma þegar umræðan um Icelandair og WOW air fer á flug. Á sama tíma eru aðilar í verkalýðshreyfingunni að tjá sig um þá erfiðu stöðu sem kann að koma upp á vinnumarkaði.

Ætla má að veiking krónunnar í vetur hafi einnig haft neikvæð áhrif á bílasölu en aftur á móti hefur uppgangur ferðaþjónustunnar byggt sveiflujöfnun inn í bílamarkaðinn.

„Ferðaþjónusta er mjög verðteygin vara þannig að veiking krónunnar skilar sér í aukinni eftirspurn eftir landinu sem aftur skilar sér í eftirspurn eftir bílaleigu. Við erum að sjá fram að það að bílaleigurnar kaupi allt að sjö til átta þúsund bíla á þessu ári og þær bílaleigur sem ég ræddi við fyrir áramót sögðu að bókanir inn á þetta ár hefðu aukist verulega miðað við sama tíma árið áður. Vissulega eru fáir dagar bókaðir þannig að hver dagur hefur mikil áhrif en engu að síður eykst eftirspurnin þegar krónan gefur eftir.“

Verð notaðra bíla er að miklu leyti háð verði nýrra bíla. Verð notaðra bíla lækkaði töluvert árið 2017 og fyrri hluta 2018 en gengisveiking krónunnar í vetur sneri þróuninni við. „Notaði markaðurinn er ekki lengur í lækkunarfasa. Nýir bílar urðu dýrari og sú verðhækkun kvíslaðist inn á notaða markaðinn að einhverju leyti. Það er ekkert launungarmál að það eru margir notaðir bílar til sölu en við sjáum það í okkar tölum að það hefur gengið ágætlega að selja þá.“

Aðspurður segir Haraldur að ekki séu merki um að lánshlutföll bílalána hafi aukist en það er ein vísbending um þenslu á markaðinum. „Það virðist vera þannig að fólk sem kaupir bíla sé með töluvert eigið fé á milli handanna. Lánshlutföllin hjá okkur hafa ekki hækkað sem er jákvætt enda viljum við hafa markaðinn heilbrigðan.“




**Fjöldi nýskráðra bíla dróst saman um 18 prósent milli ára.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Lánshlutföllin hjá okkur hafa ekki hækkað sem er jákvætt enda viljum við hafa markaðinn heilbrigðan.**
> Haraldur Ólafsson



## Artemis í hóp stærstu hluthafa Arion banka

Sjóðir í stýringu breska eignastýringarfyrirtækisins Artemis Investment Management bættu í liðnum mánuði við eignarhlut sinn í Arion banka og eru nú samanlagt komnir í hóp stærstu hluthafa bankans.

Samkvæmt nýjum lista yfir stærstu hluthafa Arion banka, dagsettum 31. desember 2018, fara sjóðir breska fyrirtækisins með samanlagt 1,2 prósenta hlut í bankanum og eru þannig ellefti stærsti hluthafinn. Sjóðirnir komu fyrst inn í hluthafahóp bankans í hlutafjárútboði hans síðasta sumar, að því er fram kemur í gögnum frá Artemis.

Er 1,2 prósenta hlutur fjárfestingarsjóða Artemis metinn á tæplega 1,8 milljarða króna miðað við núverandi gengi hlutabréfa í Arion banka. Breska eignastýringarfyrirtækið, sem var stofnað árið 1997, stýrði samtals um 26,3 milljörðum breskra punda, jafnvirði um 4.080 milljarða króna, fyrir viðskiptavini sína í lok síðasta árs.

Þá er eignastýringararmur Deutsche Bank, Deutsche Asset & Wealth Management, jafnframt kominn í hóp stærstu hluthafa Arion banka með eins prósents hlut, samkvæmt hluthafalista bankans.

Gengi hlutabréfa í Arion banka stóð í 73 krónum eftir lokun markaða í gær og er um 2,7 prósentum lægra en útboðsgengi bréfanna þegar bankinn var skráður á markað í júní í fyrra. Bréfin hafa lækkað um 0,7 prósent í verði undanfarinn mánuð en lækkunin nemur um 22 prósentum frá því að hlutabréfaverðið náði toppi í september í fyrra. **– kij**

## Áformum Eimskips og Royal Arctic Line seinkar

Fellibylur í suðurhluta Kína og bið eftir svörum frá íslenskum samkeppnisyfirvöldum hafa tafið áætlanir skipafélaganna Eimskips og Royal Arctic Line um fyrirhugað samstarf félaganna um að minnsta kosti þrjá mánuði. Ekki er gert ráð fyrir að verkefnið fari af stað fyrr en í fyrsta lagi í desember á þessu ári.

Þetta kemur fram í frétt danska miðilsins ShippingWatch.

Umrætt samstarf snýr að því að tengja Grænland, en Royal Arctic Line er að fullu í eigu grænlensku heimastjórnarinnar, við alþjóðlegt siglingakerfi Eimskips með samnýtingu á plássi í siglingakerfum félaganna. Þrjú gámaskip, sem eiga að verða grundvöllur að samstarfinu, eru í smíðum í skipasmíðastöð í Kína en Eimskip skrifaði undir samning um smíði á tveimur af skipunum í janúar árið 2017.

Samningsverð hvors skips fyrir sig nam um 32 milljónum dala sem jafngildir um 3,7 milljörðum króna.

Verner Hammeken, forstjóri Royal Arctic Line, segir í samtali við ShippingWatch að fellibylur sem gekk á land í suðurhluta Kína í desember hafi valdið skemmdum á lóð skipasmíðastöðvarinnar og tafið þannig verkið. Jafnframt hafi engin svör enn borist frá samkeppnisyfirvöldum en skipafélögin sóttu um undanþágu frá samkeppnislögum vegna samstarfsins í maí árið **2016**.

„Ég trúi því að við höfum svarað beiðni yfirvalda og að það verði ekki fleiri beiðnir. Síðasta svarið var sent rétt fyrir jól og við eigum von á ákvörðun innan tíðar,“ segir Hammeken. **– kij**




**Skipin sem eru í smíðum í Kína eru mun stærri en þau sem hafa þjónað íslensku skipafélögunum til þessa.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

KEBE
Hvíldarstólar
Tegundir: Rest og Fox



Opið virka daga 11-18
laugardaga 11-15
Komið og skoðið úrvalið
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



CHAMBERLAIN




## Chamberlain hleypir þér inn

**Chamberlain bílskúrshurðaopnarar eru sterkir, endingargóðir og traustir.** Uppsetningin er einföld, þægileg og fljótleg. Það er hægt að fá framlengingar fyrir hærri hurðir. Chamberlain opnarar eru hljóðlátir, einnig fæst **MyQ** búnaður sem nettengir opnarann og þá má sjá hvort bílskúrinn sé opinn eða lokaður hvar og hvenær sem er í gegnum tölvu eða með sérstöku appi fyrir snjallsíma. Þá er hægt að opna og loka með sama appi.

**Ef þú þarft bílskúrshurðaopnara eða það er kominn tími á endurnýjun, hafðu Chamberlain efst í huga. Öryggisins vegna.**

*Leiðbeiningar á íslensku fylgja*




0,8W Standby Power
LED
myQ
200mm/sec Speed
Easy-to-Install
Silent

**ENDURSÖLUAÐILAR:**

**Verslanir Byko | Verslanir Húsasmiðjunnar**

VÉLAR & VERKFÆRI
Mán.–fim. 08:00-17:00 | Fös. 08:00-16:00
100 ÁRA 1919-2019

# Frestun barneigna hefur ýmsar afleiðingar

**Meðalaldur frumbyrja á Íslandi fer sífellt hækkandi. Í dag er aldurinn rúm 27 ár sem virðist ekki vera svo slæmt en ef litið er til heildarfjölda mæðra þá fer þeim fjölgandi sem eru 35 ára og eldri. Ísland er ekki sér á báti hvað lægri fæðingartíðni varðar og hrjáir þetta nú mörg iðnvædd ríki heims.**

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is



Við fáum til okkar konur komnar um og yfir fertugsaldurinn sem átta sig ekki á því að það er mun erfiðara að verða þunguð á þessum aldri en þegar þær voru yngri," segir Ragnhildur Magnúsdóttir, fæðingar- og kvensjúkdómalæknir. Ragnhildur og Signý Hersisdóttir fósturfræðingur starfa hjá Livio Reykjavík sem er fyrirtæki sem sérhæfir sig í tæknifrjóvgunum. Þær segja það alvarlegt ef konur þekkja ekki eigin lífsklukku þegar kemur að barneignum. Það er líka meiri áhætta fyrir móður og barn að ganga með og eiga eftir fertugt. Konur og þær sem vilja verða þunguð leita gjarnan til þeirra of seint. Það getur tekið verulega á að fá þær fréttir að hafa „misst af lestinni".

„Einhverjar vita að þær eru að falla á tíma en margar einfaldlega hafa ekki hugmynd um það. Þarna skortir fræðslu. Þetta er mikilvægt málefni og afar brýnt að fólk sé meðvitað um þetta. Það hefur alltaf verið talað svo mikið um getnaðarvarnir og að vera ekki of snemma í því að eignast börn. Fyrst þurfi að klára námið, koma undir sig fótunum, eignast íbúð og þar fram eftir götunum. En meðalkona er kannski að klára námið sitt eða vinna upp sinn starfsferil upp úr 35 ára og eignast ekki íbúð fyrr en 38 ára og ef við ætlum að bíða eftir þessu þá er það orðið of seint. Getnaðarvarnirnar eru vissulega nauðsynlegar og það að þungunum hjá unglingsstúlkum hefur fækkað, það er að bera árangur en þetta þarf að haldast í hendur – fræðsla um getnaðarvarnir og frjósemisaldur."

Signý tekur undir. „Það skortir vissulega fræðslu og við viljum að henni sé komið inn hjá framhaldsskólum og í háskólum. Við þurfum að auka fræðslu og upplýsingar um frjósemisaldur, þunganir, kynlíf og hvernig mannslíkaminn virkar," segir Signý. „En það er margt sem spilar inn í minni frjósemi, t.d. offita hjá konum. Íslendingar eiga ákveðið met í því. Við erum Ameríka norðursins. Frjósemi minnkar með offitu og truflar hún tíðahringinn og hefur bein áhrif á eggin okkar. Tímasetningin hefur áhrif, það þekkja ekki allar konur tíðahringinn sinn og hvenær er best að reyna þungun. Lífsstíll, reykingar, áfengi og eiturlyf hafa sitt að segja og t.d. hefur kannabis mikil áhrif á sæði og getur minnkað framleiðslu. Einnig ýmsir sjúkdómar eins og legslímuflakk, blöðrur á eggjastokkum og fleira. Stórir áhrifaþættir eru þyngd og aldur. Svo er ákveðinn hópur af fólki eða hátt í 20% sem eru með óútskýrða ófrjósemi sem við fáum eflaust fleiri skýringar á í framtíðinni".

Eggjagjafir eru oft eina leiðin til að ná þungun en þar sem þjóðin er fámenn er oft rykkjótt framboð af eggjagjöfum. „Við erum fá. Öll umfjöllun veldur því að við fáum inn eggjagjafa en svo dettur allt niður inn á milli. Það er krónísk þörf fyrir eggjagjafir," segir Ragnhildur.

Þær segja að umræðuefnið hafi í gegnum tíðina verið ákveðið feimnismál en nú sé minnkandi frjósemi orðin alþjóðlegt vandamál og Íslendingar hafi sofið á verðinum. „Iðnvæddu ríkin eru fyrst og fremst að horfast í augu við þennan vanda, að fæðingartíðni sé lág. En við Íslendingar erum svolítið seinir að vakna og þurfum að fara að líta þetta alvarlegum augum. Það á ekki að vera feimnismál að ræða frjósemi. Ef fólk þarf hjálp þá er í lagi að tala um það."

Í nýrri reglugerð sem tók gildi á Alþingi um áramót er kveðið á um að sjúkratryggingar muni nú niðurgreiða 5% af fyrsta skipti í tæknifrjóvgun, 30% af öðru skipti en engin niðurgreiðsla er á meðferð þrjú og fjögur, ólíkt því sem áður var. Áður var fyrsta meðferðin ekkert niðurgreidd en meðferð tvö, þrjú og fjögur var niðurgreidd um helming. Nú mun hins vegar fólki með illkynja sjúkdóma sem hafa áhrif á frjósemi bjóðast 65% niðurgreiðsla á meðferðum í þeim tilgangi að frysta og geyma kynfrumur. Heilbrigðisráðherra sagði í samtali við Fréttablaðið í byrjun janúar að einungis væri um tilfærslu fjármagns að ræða innan þessa málaflokks.

„Það er verið að færa fjármagn frá hópnum sem er í verulegum erfiðleikum og þarf að koma endurtekið í meðferð yfir í nýjan hóp af fólki sem að okkar mati ætti að vera utan við þennan pott. Fólk sem þarf að frysta kynfrumur vegna yfirvofandi sjúkdóma og meðferða vegna þeirra hefur hingað til ekki getað gengið að greiðsluþátttöku og er fagnaðarefni að það sé komið á," segir Ragnhildur. „En þetta verður til þess að fólk frestar meðferðum, þarf að endurhugsa málið eða hreinlega hætta við. Okkur finnst þetta ekki góð þróun. Það sem þarf að gera er að reikna út hve miklu hver nýr einstaklingur skilar til samfélagsins í krónum og aurum. Hefur þetta verið gert og leitt til þess að svona meðferðir eru gjaldfrjálsar að mörgu leyti í Danmörku, Svíþjóð og víðar. Einnig er hlúð að barnafólki í formi skattaafsláttar, með greiðslum eða öðru. Þarna er verið að hugsa til lengri tíma."



## Egg og sæði hrörna með aldrinum

Konur fæðast með öll eggin sín og þeim byrjar að fækka strax á fósturskeiði. „Þetta er auðvitað misjafnt eftir konum eins og gengur og gerist en þetta er ákveðin þumalputtaregla. Þegar við verðum kynþroska eru um það bil 10% eftir af þeim. Svo fer brot af eggjunum af stað í hverjum tíðahring og svo eyðast þau. Meirihlutinn skemmist út af umhverfisáhrifum eða bara í gegnum tímann og vegna aldurs," segir Signý.

„Það sem virðist samt vera rauði þráðurinn í þessu er það að eggin eru á sama lífeðlisfræðilega hraða og fyrir hundrað árum síðan. Þó að konur lifi lengur í dag og séu ungar lengur ásamt því að lifa allt öðruvísi lífi, þá haldast eggin ekki í takt við það. Upp úr 34, 35 ára aldri byrjar frjósemin að dvína hratt," segir Ragnhildur. Ef tölfræði um frjósemi og fósturlát er skoðuð sést að kúrvur fara að skerast í kringum 35 ára aldur hjá konum og hraða á sér. Frjósemin minnkar og fósturlátin fara að aukast, sem endurspeglar skemmdir í eggjum. „Það tekur konur lengri og lengri tíma að verða þungaðar og þær missa frekar fóstur. Flestir þekkja orðið að Downs-heilkenni verður algengara með aldrinum og það er bara ein af þeim líffræðilegu skemmdum sem verða á eggjunum með aldri."

Svipaða sögu er að segja með sæðisfrumurnar. Þó að karlar framleiði sæði jafnóðum þá eru þær framleiddar úr stofnfrumum sem verða einnig til í móðurkviði. Afraksturinn með árunum verður því alltaf lélegri og lélegri. „Aldurinn hefur áhrif á karlmenn líka. Það hefur alltaf verið mýta að aldurinn hafi ekki áhrif á karla en það er ekki svo. Sæðinu og frjóseminni fer hrakandi hjá karlmönnum upp úr 40, 45 ára aldri. Eftir því sem feðurnir verða eldri þá eru auknar líkur á geðsjúkdómum, einhverfu og aukinni tíðni fósturláta," segir Signý.

**Við þurfum að auka fræðslu og upplýsingar um frjósemisaldur, þunganir, kynlíf og hvernig mannslíkaminn virkar.**

Signý Hersisdóttir fósturfræðingur



**Einhverjar vita að þær eru að falla á tíma en margar einfaldlega hafa ekki hugmynd um það. Þarna skortir fræðslu.**

Ragnhildur Magnúsdóttir, fæðinga- og kvensjúkdómalæknir



### Glansmyndir í fjölmiðlum

Víða í fjölmiðlum hefur verið fjallað um stórstjörnur sem eignast börn langt fram eftir aldri. Þar á meðal eru leikkonur á borð við Halle Berry, Janet Jackson og fleiri.

„Þarna er verið að hampa konum fyrir að eignast börn seint en það kemur aldrei fram að notast hafi verið við tæknifrjóvganir," segir Ragnhildur. „Konur komnar yfir fimmtugt hafa ekki annað val en að fá gjafaegg. Það er alveg á hreinu að þarna hefur ekki náttúrulegur getnaður átt sér stað. Þetta gefur mjög röng skilaboð."

# ALLIR Í FJALLIÐ

## SKÍÐADEILD ÚTILÍFS ER Í SMÁRALIND

FRÁBÆRT ÚRVAL • FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA • FULLKOMIÐ VERKSTÆÐI




*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# Frjósemi karla

Þegar kemur að barneignum er iðulega rætt um þátt kvenna sem eðlilega bera hitann og þungann ef kalla má af getnaðinum sjálfum sem þó þarf iðulega bæði kynin til. Í vestrænum og tækniväddari samfélögum er einnig eitthvað um tæknisæðingar sem koma þá til þegar par getur ekki eignast börn. Við rannsóknir á frjósemi og möguleikum til að eignast barn er eðlilegt að skoða báða aðila og í tilfelli karla er oftar en ekki verið að horfa til magns sæðisfrumna og framleiðslu.

Rannsóknir hafa sýnt að karlmenn á Vesturlöndum hafa á síðustu 45 árum verið á stöðugri niðurleið hvað varðar magn sæðisfrumna og sér ekki enn fyrir endann á því. Vísindamenn hafa haft áhyggjur af því að þetta ástand muni skila sér í almennt minni frjósemi og barneignum og að karlar kunni að verða ófrjóir með tímanum. Síðastliðin 45 ár hefur magn sæðisfrumna dregist saman um tæplega 60% í körlum á Vesturlöndum án þess að góð skýring sé þar á og er kallað eftir alþjóðlegri samvinnu til að átta sig á orsökum vandans.

Þegar litið er til magns sæðisfrumna hjá karlmönnum í Afríku og í Kína til dæmis virðist þeim ekki vera alveg sami vandi á höndum, þar eru hærri hlutföll í mælingum. Tenging við umhverfisþætti líkt og mengun, ýmiss konar efni, plast og þalöt, reykingar, áfengisneyslu, offitu og aðra lífsstílsþætti hefur verið nefnd en enginn veit af hverju þetta gerist í raun og veru. Umræðan um þalöt er hávær en þar er um að ræða efni sem tengjast plastvinnslu og agnir sem hafa áhrif á hormónastarfsemi beggja kynja, en að því er virðist sérstaklega testósterón hjá körlum. Rannsóknir hafa sýnt fram á truflun á þessari starfsemi sem mögulega fæðingargalla á kynfærum karla. Í dýratilraunum hafa komið fram breytingar tengdar slíkum efnum sem renna stoðum undir þessar kenningar, en frekari gagna og rannsókna er þörf til að slá þessu föstu.

Sé það rétt að umhverfisþættir hafi slík áhrif sem þessi og útskýri einnig hærri tíðni eistnakrabbameins hjá körlum í hinum vestræna heimi þá er verk að vinna, enda augljóslega mikilvægt að frjósemi karla líkt og kvenna sé viðhaldið. Mörg vestræn lönd hafa séð hnignun í frjósemi og barneignum, hvort sem kenna má þessum þætti um sérstaklega sem og fleirum. Í Danmörku eru 8% barna til komin vegna tæknisæðingar. Fæðingartíðni hefur farið lækkandi þar sem og í Þýskalandi, Bandaríkjunum og víðar með þeim afleiðingum að þjóðirnar eru ekki að endurnýja sig ef svo mætti kalla. Hér kemur fleira til auðvitað líkt og aldur og geta líkamans almennt til barneigna sem minnkar með aldrinum, hraðar hjá konum en körlum í gegnum tíðina, en það gæti verið að breytast. Karlar ættu því að vera meðvitaðir um eigin heilsu almennt og viðhalda henni með heilbrigðum lífsstíl og jafnvel mati á þessum þætti sem getur skipt sköpum upp á framtíðarhamingju og myndun fjölskyldu með maka sínum. Getuleysi karla er þeim mikið mál með hækkandi aldri vegna risvanda og úthalds til að stunda samfarir en frjósemi hefur ekki verið svo mikið atriði fyrr en kannski núna.

**Í Danmörku eru 8% barna til komin vegna tæknisæðingar. Fæðingartíðni hefur farið lækkandi þar sem og í Þýskalandi, Bandaríkjunum og víðar með þeim afleiðingum að þjóðirnar eru ekki að endurnýja sig ef svo mætti kalla.**



Teitur Guðmundsson
læknir

Doktor.is



# Fólksfjölgun hætti um miðja þessa öld

**Frjósemi á Íslandi hefur aldrei verið eins lág og árið 2017 frá því að talning hófst árið 1855. Miðað við þróun er alls ekki útilokað að slíkar tölur verði enn lægri árið 2018. Almennt er þessi minnkandi frjósemi talin áhyggjuefni.**

Lækkuð fæðingartíðni og auknar lífslíkur fólks á efri árum leiðir að sjálfsögðu til þess að það eru sífellt færri sem ala önn fyrir vaxandi fjölda aldraðra. Þetta er áhyggjuefni stjórnvalda víða um heim. En svo má heldur ekki gleyma þeim vandamálum sem stafa af fjölgun jarðarbúa og þeim lífsstíl sem stór hluti jarðarbúa hefur tamið sér,“ segir Ólöf Garðarsdóttir, prófessor í sagnfræði sem áður starfaði hjá Hagstofu Íslands, og hefur fylgst með þróuninni. Frjósemi kvenna á Íslandi árið 2017 var 1,71 lifandi barn á hverja konu en almennt viðmið er að hver kona þurfi að ala um 2,1 barn til þess að viðhalda mannfjöldanum til lengri tíma litið.

Erfitt sé að segja til um hvort fæðingartíðni hér á landi haldi áfram að lækka en líklegt sé að fæðingartíðni standi í stað á þessu ári.

„Mögulega hefur hækkun þaksins í fæðingarorlofi hvetjandi áhrif þegar fram í sækir. En svo má líka spyrja sig að því hvort Ísland er ekki bara komið þangað sem hin Norðurlöndin eru. Norðurlöndin eru reyndar þekkt fyrir það að barnlausar konur eru þar hlutfallslega færri en annars staðar í Evrópu en barnleysi er þó algengara annars staðar á Norðurlöndum en það er hér. Og svo má velta því fyrir sér hvort við færumst ekki nær „tveggja barna normi“ með tíð og tíma en það er erfitt að segja,“ segir Ólöf.

Um ástæðuna fyrir því að íslenskar konur eignist færri börn nú en áður segir Ólöf að aldrei sé nein ein skýring á flóknu fyrirbæri. Þó að sveiflur í fæðingartíðni á Íslandi hafi nokkurn veginn fylgt sveiflum annars staðar á Norðurlöndum og raunar annars staðar í Evrópu hafi konur á Íslandi lengi vel eignast fleiri börn en kynsystur þeirra annars staðar á Norðurlöndum.

„Þegar ný fæðingarorlofslöggjöf var innleidd upp úr aldamótunum 2000 þar sem greiðslur í fæðingarorlofi voru hækkaðar, fæðingarorlof lengt og báðum foreldrum tryggður réttur til fæðingarorlofs, hækkaði fæðingartíðnin nokkuð. Í hruninu voru greiðslur í fæðingarorlofi lækkaðar verulega og þessi lækkun hefur haldist þar til nýverið. Þetta leiddi til þess að fæðingarorlofstaka feðra dróst verulega saman, einkum eftir 2011 sem ég fjallaði um í grein ásamt Heiðu Maríu Sigurðardóttur, en einnig er fjallað um þetta atriði í rannsókn Guðnýjar Eydal og Ásdísar Arnalds,“ segir Ólöf. „Ari Klængur Jónsson doktorsnemi hefur nýlega birt grein þar sem hann skoðar fæðingartíðni eftir fæðingarröð. Þar sést að líkur fólks á að eignast sitt fyrsta barn hafa minnkað verulega en líkur á fæðingum annars og þriðja barns er mun stöðugri. Þetta er vísbending um að barnlausum konum sé að fjölga.“

**Lækkuð fæðingartíðni er alþjóðlegt fyrirbæri og flestir mannfjöldafræðingar líta svo á að þetta sé vandamál.**

Ólöf Garðarsdóttir, prófessor í sagnfræði



Það hefur sýnt sig að breyta má hegðun fólks með aðgerðum á sviði fjölskyldustefnu. Dæmi um þetta er Þýskaland þar sem fæðingartíðni hækkaði í 1,7 á örfáum árum eftir að norræn stefna í fæðingarorlofsgreiðslum var tekin upp. Þar hafði fæðingartíðnin verið 1,3 allar götur frá 1970. Annar þáttur sem virðist hafa leitt til tiltölulega hárrar fæðingartíðni á Norðurlöndunum er opinber og ódýr barnagæsla.

„Lækkuð fæðingartíðni er alþjóðlegt fyrirbæri og flestir mannfjöldafræðingar líta svo á að þetta sé vandamál. Fæðingartíðni hefur alls staðar lækkað og víða í heiminum er hún lægri en tvö börn á ævi hverrar konu. Það er litið á það sem vandamál þegar sífellt færri eru til að ala önn fyrir sífellt fleiri öldruðum einstaklingum. Þeim fjölgar hlutfallslega meðal íbúa þegar fæðingum fækkar og svo bætist við að við lifum sífellt lengur. En svo má ekki heldur gleyma því að fjölgun jarðarbúa skapar ýmiss konar vandamál sem við þurfum að berjast við. Ef marka má alþjóðaspár um þróun mannfjölda í heiminum lítur reyndar út fyrir að um miðja þessa öld hætti jarðarbúum að fjölga.“

## Andlega hliðin á það til að gleymast

Ákvörðunin um að eignast barn er ferli. Það byrjar með því að par tekur markvissa ákvörðun um að reyna barneignir, hætta á getnaðarvörnum og láta náttúruna hafa sinn gang. Þetta ferli getur tekið frá nokkrum mánuðum til nokkurra ára. Ef fólk hefur reynt sjálft í nokkurn tíma án árangurs fer það að gruna að eitthvað geti verið að og leitar sér aðstoðar. Þetta getur tekið langan tíma, sem tekur á andlega, líkamlega og fjárhagslega. En oft gleymist að hlúa að andlegu hliðinni. Þetta segir Helga Sól Ólafsdóttir, félagsráðgjafi á Kvenna- og barnasviði Landspítalans og Livio Reykjavík. Hún starfar með fólki í þessari stöðu og styður það í gegnum sorgarferli þess.

Þau sem standa frammi fyrir þeim veruleika að þau verði ekki foreldrar upplifa ítrekuð vonbrigði við það að verða ekki þunguð eða ítrekað að missa fóstur. Vonin minnkar en samt er búið að fjárfesta andlega, líkamlega og fjárhagslega í þessum draumi og erfitt að gefa hann frá sér.

„Fólk sem lendir í fósturmissi eftir að hafa verið að reyna lengi að eignast barn veit að ef það ætlar að reyna aftur þá kostar það líkamlega, andlega og ekki síst fjárhagslega. Stundum þurfa þau að taka sér hlé frá meðferðum vegna þess að þau eru að borga síðasta lán sem þau tóku fyrir meðferðinni svo þau geti tekið nýtt lán fyrir næstu meðferð. Og þrátt fyrir að þau geri allt sem í þeirra valdi stendur til að eignast barn þá tekst það stundum ekki,“ segir Helga Sól.

„Þetta getur verið mjög erfitt ferli. Það virðist vera tilhneiging til að einfalda þessa flóknu lífsreynslu. Fólk sem hefur ekki upplifað að eiga erfitt með að eignast barn á erfitt með setja sig í spor hinna. Og því fylgir oft að ráð eru gefin með góðum huga en af hugsunarleysi. Til dæmis það að það sé svo erfitt að eiga smábörn, þau vaki á næturnar o.s.frv. þannig að þau séu í raun heppin að þurfa ekki að upplifa það. Eða að þau þurfi bara að slaka á og fara eina helgi í sumarbústað. Þetta eru ekki hjálpleg ráð heldur frekar til þess fallin að fólk upplifi að það sé eitt með þennan vanda og sorg,“ segir Helga Sól.



**Helga Sól Ólafsdóttir félagsráðgjafi.**

Rannsóknir hafa sýnt fram á að þegar fólk er búið að ljúka þessu ferli og átta sig á að barn verður ekki partur af lífi þess, þá yfirleitt eru lífsgæði alveg ágæt að sögn Helgu. Fólk finnur lífsfyllingu í öðru og sambandsslit eru ekki algengari en hjá öðrum. Enda hefur það gengið í gegnum erfiða lífsreynslu saman. „Stundum er einnig kominn tími til að skoða aðra möguleika og þá jafnvel kveðja drauminn um barnið og byggja upp líf sitt með öðrum áherslum. Þó hafa rannsóknir sýnt að þegar fólk eldist og vinir eru að eignast barnabörn þá er hætta á að fólk upplifi sorg á ný,“ segir Helga Sól.




FINNDU ÞINN HUGO BOSS ILM
OG FÁÐU KAUPAUKA FRÍTT MEÐ*

*á meðan birgðir endast

HAGKAUP

Meira svona alla daga

# TILVERAN

## Nekt mótmælt í Seðlabanka

Seðlabankinn tók niður þau málverk eftir Gunnlaug Blöndal sem sýndu nekt og voru á almennum vinnusvæðum og skrifstofum yfirmanna. Þau verða í geymslu þar til annað verður ákveðið. Ritstjóri Seðlabankans sagði að verið væri að framfylgja jafnréttisstefnu. Starfsumhverfið skuli ekki misbjóða starfsmönnum.

**» Falleg verk eftir Gunnlaug Blöndal sem prýða innviði Seðlabankans verða færð í geymslu á meðan menn leggjast undir feld um örlög þeirra.**

Bandalag íslenskra listamanna telur málið furðulegt. Það veki margar spurningar um listaverkaeign stofnunarinnar „og ekki síður þá undarlegu tímaskekkju puritanisma að ritskoða list með þessum hætti“, segir bandalagið. „Kannski segir það eitthvað um samtímann að þessi tiltekna ritskoðun skuli upp sprottin í Seðlabanka Íslands, sem afleiðing af nafnlausum athugasemdum.“

## Helmingur lækna hugleitt að hætta

Um helmingur lækna hugleiddi oft eða stundum að láta af störfum á tólf mánaða tímabili sem ný könnun náði til. Þeim standa ekki mörg önnur störf til boða, erfitt er að færa sig um set innan kerfisins og því horfa þeir til útlanda. Mikill meirihluti lækna telur sig vera undir of miklu álagi. „Læknar eru undir gríðarlegu álagi og þeir finna fyrir einkennum sem eru truflandi eins og kvíða, depurð og einbeitingartruflunum. Það eru auðvitað merki um ofurálag og í sumum tilfellum kulnun,“ segir Ólafur Þór Ævarsson geðlæknir sem stýrði rannsókninni.

**» Rannsókn var gerð nýlega á líðan lækna sem sýndi fram á það að læknar eru undir gríðarlegu álagi hér á landi. Margir hafa hugsað sér að flytja sem þykir áhyggjuefni.**



# Vikan



Særð blygðunarkennd í Seðlabankanum, ofurálag á læknum landsins og vanlíðan meðal grunnskólanema er meðal þess sem var í brennidepli í liðinni viku. Landsmenn eru heldur andvígir veggjöldum ef marka má könnun Fréttablaðsins en samgönguráðherra virðist bjartsýnn.





## Meirihlutinn andvígur veggjöldum

Meirihluti landsmanna, eða 56 prósent, er frekar eða mjög andvígur hugmyndum um að veggjöld verði innheimt til að fjármagna uppbyggingu helstu stofnleiða samgöngukerfisins samkvæmt könnun sem Zenter gerði fyrir Fréttablaðið. Einn af hverjum þremur er frekar eða mjög hlynntur slíkum hugmyndum. Í nýrri samgönguáætlun til næstu 15 ára eru tillögur um að innleiða veggjöld til að mæta fyrirsjáanlegri minnkun á tekjum ríkisins af sérstökum gjöldum á eldsneyti og flýta brýnum endurbótum og uppbyggingu vegakerfisins. „Mér finnst merkilega mikill stuðningur við veggjöld í ljósi þess að engar útfærslur liggja fyrir,“ sagði Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra.

**» Könnun Fréttablaðsins sýnir að 56% landsmanna séu frekar eða mjög andvíg hugmyndum um veggjöld.**

## Tíunda hverjum líður illa í grunnskóla

Um tíu prósentum nemenda líður ekki vel í grunnskóla. Á bilinu 2,7 til 4,2 prósenta líður mjög illa. Níutíu prósentum nemenda í grunnskólum landsins líður vel eða þokkalega vel í skólanum. Átta af hverjum tíu nemendum í 6. bekk telja að kennurum sé annt um þá en hlutfallið er 65 prósent í 10. bekk. Þetta kemur fram í rannsókninni Heilsa og lífskjör skólanema, sem unnin var að undirlagi Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO).

Flestir nemendur í öllum aldurshópum hreyfa sig reglulega. Aðeins 8,2 prósent nemenda í 10. bekk höfðu ekki hreyft sig undanfarna sjö daga. Neysla grænmetis og ávaxta reyndist nokkuð almenn.

**» Hvað veldur vanlíðan grunnskólanema? Mögulega gæti svefnskortur verið að hrjá einhverja.**

# Fasteign vikunnar

úr Fasteignablaði Fréttablaðsins











**Fasteign vikunnar er falleg og björt þriggja herbergja íbúð á efstu hæð í snyrtilegu fjölbýlishúsi á eftirsóttum stað í Norðlingaholti, nánar tiltekið Reiðvaði. Í Reiðvaði 5 er mikil lofthæð, gólfsíðir gluggar, fínar svalir og frábært útsýni. Í íbúðinni er opið stofu- og eldhúsrými, tvö svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús ásamt stæði í bílageymslu og geymslu í sameign. Hér er um að ræða góða, hlýlega eign með stórum sólarsvölum og fallegu útsýni upp í Heiðmörk á eftirsóttum stað þar sem stutt er í skóla, leikskóla og Björnslund svo og gönguleiðir við Rauðavatn.**


PIER
www.pier.is
BUSBY velúr kollar
12.990,- 10.392,-
20%
AFSLÁTTUR
AF
HÚSGÖGNUM
PORTLAND sófi, kemur í svörtu, bláu og gráu
79.900,- 63.920,-
215x85x80
CIMME álborð
24.900,- 19.920,-
TOMBILO álborð
24.900,- 19.920,-
MUNICH hilla
89.900,- 71.920,-
108x44xH211cm
HAAG hornsófi
169.900,- 135.920,-
256x256cm
FAURA kollur með gæru
9.990,- 7.992,-
49.900,- 39.920,-
25.900,- 20.720,-
15.990,- 12.792,-
PAPLE borð, 3 stærðir
MUNICH kommóða
69.900,- 55.920,-
60x35xH98cm
ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSAL
70% AFSLÁTTUR AF SMÁVÖRU*
50-70% AFSLÁTTUR AF HÚSGÖGNUM*
*Gildir bara af útsöluvörum
PIER
BRINGING IT HOME
www.pier.is
SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS
Gildir 24. janúar - 30. janúar. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# Forherðing



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Steingrímur J. Sigfússon hefur aldrei verið óumdeildur stjórnmálamaður og skamma má hann fyrir ýmislegt. Hann á þó ekki skilið þá skammadembu sem hann fær nú yfir sig frá þingmönnum Miðflokksins og tveimur þingmönnum sem áður tilheyrðu Flokki fólksins, en standa nú utan flokka. Tilefnið er kosning á sérstökum varaforsetum sem eiga að fara með Klaustursmálið. Þingmennirnir sem nú skammast í Steingrími eru einmitt þeir sömu og sátu að sumbli á Klausturbarnum og dunduðu sér við að klæmast.

Í sjálfu sér kemur ekki á óvart að þessir þingmenn vilji að sem minnst sé um framkomu þeirra á barnum talað, hvað þá að hún fái sérstaka umfjöllun þingsins. Samt mætti ætla að þeir sæju einlæglega eftir því að hafa orðið sjálfum sér til minnkunar með framkomu sinni á barnum. Iðrunar verður þó ekki vart, þeim virðist fyrirmunað að sýna hana, forherðing þeirra er næstum algjör. Í stað þess að vera skömmustulegir á þingi rífa þeir þar kjaft og telja sig hafa fundið illgjarnan og hefnigjarnan óvin í forseta þingsins.

Furðulegt var að fylgjast með framgöngu þessara þingmanna á Alþingi síðastliðinn þriðjudag. Veruleikafirring þeirra var algjör. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson brást við eins og hann gerir ætíð þegar hann mætir mótlæti, lýsti sér sem saklausu fórnarlambi pólitískra andstæðinga sem finni sérstaka lífsfyllingu í því að ofsækja hann.

Þeir þingmenn Flokks fólksins sem sátu á Klausturbarnum, Ólafur Ísleifsson og Karl Gauti Hjaltason, eru nokkuð umkomulausir á þingi eftir að hafa verið reknir úr flokknum. Þeir hafa bent á að þeir hafi haft sig lítið í frammi á Klausturbarnum. Það er rétt hjá þeim, þeir voru ekki að klæmast þar. Í tali á barnum var þó sitthvað sem gaf til kynna að þeir vildu heldur vera í Miðflokknum en í Flokki fólksins. Sú þrá endurspeglaðist í tali þeirra á þingi síðastliðinn þriðjudag en þar var engu líkara en þeir væru gengnir í björg með Sigmundi Davíð. Hvernig er á annan hátt hægt að skilja yfirlýsingu Ólafs Ísleifssonar þegar hann sagði í pontu þingsins um þá ákvörðun Steingríms J. Sigfússonar að láta kjósa varaforseta til að fara með Klausturmálið: „Forseti Alþingis er að kalla yfir Alþingi þvílíka smán og niðurlægingu og yfir sjálfan sig blett á sinni forsetatíð.“

Nú skal spurt: Hvaða þingmenn hafa ekki kallað smán og niðurlægingu yfir sjálfa sig og sett blett á starfsferil sinn með orðum sínum og gjörðum, ef ekki einmitt þingmennirnir sem sátu á Klausturbar?

Nokkrir þingmenn sem sátu á Klausturbarnum töluðu í umræðum um valdníðslu forseta þingsins. Karl Gauti Hjaltason lýsti síðan yfir vanþóknun sinni á því að þurfa að „standa í þessu máli og þurfa að taka þátt í argaþrasi um akkúrat ekki neitt nema ónýtt mál“.

Eftir málflutning Miðflokksmanna og hinna óháðu þingmanna, sem í huganum eru greinilega gengnir í Miðflokkinn, er ljóst að þessir einstaklingar koma ekki auga á alvarleika Klaustursmálsins. Iðrun er ekki til í þeirra orðabók.

**Í stað þess að vera skömmustulegir á þingi rífa þeir þar kjaft og telja sig hafa fundið illgjarnan og hefnigjarnan óvin í forseta þingsins.**




## Halldór



## Frá degi til dags

**Erlendir ferðamenn**

**Sexmenningarnir af Klaustri hafa snúið nauðvörn í harða sókn og kjarninn í henni hjá hinum nú óháðu þingmönnum, Karli Gauta og Ólafi Ísleifssyni, er að þeir sögðu ekkert ljótt á barnum. Ólafur benti á þingi í fyrradag á að hann hefði aldrei hallað orði á nokkurn mann og sneri sér í gær að umferð hópbifreiða með tilheyrandi raski í kringum þinghúsið. Einhverjir vinnufélaga Ólafs vilja að vísu meina að drykkjufundurinn hafi raskað ró þingheims mun meira en ólíkt þeim sem sátu að sumbli eftir að Ólafur og Karl hurfu á braut og töldu hljóðritarann vera erlendan ferðamann þarf Ólafur síst að láta slíka pirra sig.**

**Köng Fú!**

**Karl Gauti er síðan enn harðari í vörninni og var óskureiður í umræðum um tillögu Steingríms J. um rannsóknarrétt nýrra varaforseta forsætisnefndar. Hann er líka harðjaxl af gamla skólanum, stofnandi og formaður Karatefélagsins Þórshamars um árabil og fyrrverandi formaður Karatesambands Íslands og var jafnvel enn meira ógnandi í jakkafötunum en í hvíta gallanum forðum. Hann hefur því tæplega sagt sitt síðasta orð eða tekið sitt hinsta hringspark og gott að hafa í huga að það getur haft afleiðingar að reyta fólk sem kann fornar japanskar bardagalistir til reiði.**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Norræn samvinna



Sigurður Ingi Jóhannsson
samstarfsráðherra Norðurlanda

Ísland tekur við formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á spennandi tímum. Staðreyndin er sú að mjög víða geta Norðurlöndin skilað betri árangri með samstarfi, heldur en hvert í sínu lagi. Með samstarfi sín á milli hafa Norðurlöndin náð því að vera í fremstu röð hvort sem litið er til nýsköpunar, velferðar, jöfnuðar eða jafnréttis. Norðurlöndin hafa ítrekað sýnt að með samvinnu geta þau haft slagkraft umfram þyngd enda telja þau samtals 27 milljónir íbúa og mynda 12. stærsta hagkerfi heims.

Við Íslendingar njótum góðs af þessu. Rúmlega 30 þúsund Íslendingar búa annars staðar á Norðurlöndunum sem samsvarar þriðja stærsta bæjarfélagi landsins. Samanlagt eru Norðurlöndin stærsta „viðskiptaland“ Íslands þegar litið er til inn- og útflutnings á vörum og þjónustu. Norrænar kvikmyndir, sjónvarpsseríur, glæpasögur, tónlist, myndlist og hönnun – Ísland er þar í góðum hópi og norræna vörumerkið er sterkt. Norðurlöndin veita hvert öðru pólitíska fótfestu á óróatímum.

Ég er þeirrar skoðunar að aukin óvissa á alþjóðavettvangi hafi á vissan hátt þjappað Norðurlöndunum betur saman. Nýleg könnun um afstöðu til norræns samstarfs sýndi að mikill meirihluti íbúa vill meiri eða mun meiri samvinnu en nú er. Þótt Norðurlöndin séu vitaskuld ekki sammála um allt þá eru grundvallaratriðin á hreinu: Mannréttindi, lýðræði, réttarríki og friðsamleg lausn deilumála.

Norræn samvinna er vissulega rótgróin en um leið sprelllifandi og lítur til framtíðar. Og framtíðin kallar á nýja hugsun og nýsköpun í norrænu samstarfi. Það er enginn hörgull á áskorunum. Gervigreind og vélmenni munu gjörbreyta vinnumarkaði framtíðar. Samkeppni við önnur markaðssvæði um fólk og fyrirtæki fer vaxandi. Umhverfis- og loftslagsmálin þola enga bið. Norðurlöndin standa frammi fyrir þessum breytingum og takast á við þær saman. Um leið stöndum við vörð um hefðbundnari samvinnu í þágu íbúa og hlúum að vináttu okkar og velferð.

Það er með stolti og metnaði sem Ísland gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á árinu 2019. Á formennskuárinu leggjum við áherslu á hagsmuni ungs fólks, sjálfbæra ferðamennsku og málefni hafsins og eigum frumkvæði að níu norrænum formennskuverkefnum á þessum sviðum. Meira um það á norden.org.

**Á formennskuárinu leggjum við áherslu á hagsmuni ungs fólks, sjálfbæra ferðamennsku og málefni hafsins.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Nú er komið að okkur

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Reykjavík – Algengast er í lífi manna að hver búi að sínu. Það er reglan. Menn hafast ólíkt að og bera mismikið úr býtum. Yfirleitt skeyta menn mest um eigin hag og minna um aðra. Börn þekkja þetta: Þeim farnast jafnan betur í félagi við ástríka foreldra en í umsjón óvandabundins fólks. Samt skeytum við flest um annað fólk. Við finnum til með þeim sem höllum fæti standa, bæði samfélagið og einstaklingarnir hver og einn. Skattgreiðslur efnafólks eru víða notaðar skv. lögum til að standa straum af þjónustu handa þeim sem minna mega sín. Margir láta af fúsum vilja fé af hendi rakna til fátækra. Flestir fara betur með eigið fé en annarra þar eð sjálfs þykir höndin hollust þótt nær væri að hafa það heldur á hinn veginn.

Í þessum eðlismun eru fólgnir almennir kostir heilbrigðs einkaframtaks umfram ríkisrekstur nema þegar algild rök hníga að ríkisafskiptum, t.d. í heilbrigðis- og menntamálum, samgöngum o.fl. Í fullkomnum heimi myndu menn hvorki gera upp á milli eigin barna og annarra né heldur milli eigin fjár og annarra. Almannavaldinu er ætlað að jafna metin svo að einkahagur og almannahagur geti farið saman. Listin er að draga þar mörkin milli einkaframtaks og almannahagsmuna, milli fólks og fyrirtækja og milli samfélagshópa að flestir geti vel við unað og haldið friðinn. Og þá er ég kominn að efni máls míns.

**Þegar hlutföllin raskast**

Skipting auðs og tekna milli manna og hópa hefur allajafna engin umtalsverð áhrif á samninga um kaup og kjör á vinnumarkaði. Þar er almenna reglan sú að hvert verklýðsfélag semur við vinnuveitendur fyrir hönd umbjóðenda sinna án þess að horfa til annarra hópa að því gefnu að atvinnulífið, tekjuskiptingin og launahlutföllin hafi haldizt í sæmilega föstum skorðum svo sem algengast er. Þá dugir flestum launþegum að miða kaupkröfur sínar við eigin afkóst, þróun fyrri ára og ástand efnahagslífsins.

Raskist launahlutföll verulega á þessi regla þó ekki lengur við því þá finnst mörgum launþegum eðlilegt að reyna að rétta sinn hlut gagnvart öðrum. Menn meta afkomu sína ekki aðeins í ljósi eigin tekna og eigna þegar allt kemur til alls heldur einnig í samanburði við aðra, einkum ef hlutföllin raskast verulega og einkum og sér í lagi ef tilteknir hópar – t.d. embættismenn, forstjórar, stjórnmálamenn – ryðjast fram fyrir aðra. Ef laun lækna hækka til muna sækjast hjúkrunarfræðingar eftir hliðstæðri hækkun. Sama á við um flugmenn og flugfreyjur o.s.frv. Einmitt þetta hefur gerzt undangengin ár. Því hljóta launþegar nú að krefjast leiðréttingar umfram þau viðmið sem vinnuveitendur og ríkisstjórnin hafa lagt til grundvallar og gert sér vonir um.

**Hvernig gat þetta gerzt?**

Vinnuveitendur fóru fram úr sér og einnig ríkið, umsvifamesti vinnuveitandinn. Hæstráðendur sóttu sér fyrirmyndir út í heim þar sem forstjóralaun, einkum í Bandaríkjunum, hafa undangengin ár hækkað langt umfram venjuleg laun án þess að forstjórarnir hafi nokkuð til þess unnið. Enda eru laun þeirra að miklu leyti sjálftekin þar eð forstjórarnir sitja gjarnan í stjórnum fyrirtækja hver hjá öðrum. Kjararáð bætti gráu ofan á svart hér heima með því að hækka laun alþingismanna og æðstu embættismanna upp úr öllu valdi.

Ábyrgðin á aðsteðjandi vinnudeilum hvílir á sjálftökusveitum vinnuveitenda og ríkisstjórninni sem leyfa sér samt að segja nú við launþega að þeim beri að sætta sig við hóflega hækkun launa til að halda verðbólgunni í skefjum. Launþegar sætta sig ekki við slíkan yfirgang. Kennedy Bandaríkjaforseti varaði við ójafnaðarmönnum með þessum orðum: „Það er ekki hægt að semja við menn sem segja: Mitt er mitt, við semjum um hitt.“

Hvað gerist ef launþegar knýja fram svipaðar kjarabætur og embættismenn, forstjórar og stjórnmálamenn hafa skammtað sjálfum sér beint eða óbeint? Launþegasamtökin hafa málið í hendi sér. Óbreytt vinnulöggjöf frá 1938 tryggir þeim sömu skilyrði, sama vald og áður til að leggja vinnuveitendum lífsreglurnar ellegar lama efnahagslífið með víðtækum verkföllum líkt og stundum áður á fyrri tíð. Alþýðusambandið felldi m.a.s. ríkisstjórn Hermanns Jónassonar frá völdum 1958 að heita má. Hví skyldu launþegasamtökin undir nýrri samheldninni forustu ekki neyta lags og velgja ríkisstjórn sem þau telja óvinveitta undir uggum? Þau eru í fullum rétti þegar þau segja: Hingað og ekki lengra. Nú er komið að okkur að taka til snæðings, geta þau sagt, svo ég vitni enn til afrísks máltækis sem er ættað af sléttunum þar sem ljónin berjast um bráðina.

Fari launþegar fram á umtalsverða kauphækkun til að rétta hlut sinn má telja víst að verðbólgan aukist og gengi krónunnar falli með gamla laginu. Þar eð fyrirkomulag verðtryggingar er enn óbreytt mun höfuðstóll verðtryggðra lána þá hækka. Skyldi Austurvöllur fyllast aftur af fólki?




# Ritskoðunarkrafa og margvísleg viðbrögð við henni



**Gísli Gunnarsson**
prófessor emeritus í sagnfræði

Í Fréttablaðinu 17. janúar sl. birtist grein eftir Láru Magnúsardóttur sem bar heitið „Um gildar ástæður gyðingaofsókna og Vísindavef Háskóla Íslands“. Þar var til umræðu grein sem ég skrifaði fyrir Vísindavef Háskóla Íslands 2001, eða fyrir tæpum 18 árum. Heiti Vísindavefsgreinarinnar var: „Hvers vegna hafa Gyðingar verið ofsóttir í gegnum aldirnar“

Tilefni þess að grein þessi er til umræðu var beiðni bandarísks háskólakennara um að hún yrði fjarlægð af Vísindavefnum. Beiðnin mun hafa borist seint í desember sl. og ítrekuð nú í janúar. Í öll þessi ár frá birtingu greinarinnar í maí 2001 hefur slík beiðni aldrei borist fyrr. Í ljós kom og að sú sem beiðnina kom með, vildi ekki að ég sæi hana eða rökin fyrir því að hún yrði fjarlægð, sbr. bréf hennar til fjölmiðla íslenskra 11. janúar sl. en þar mótmælti hún að ritstjórn vefsins hafði sýnt mér, höfundinum, beiðnina um að greinin yrði fjarlægð.

Ritstjórnin taldi hins vegar skyldu sína að segja mér frá þessari sérstöku beiðni og gerði það með tölvupósti 9. janúar sl. Hins vegar sá ég engin rök fyrir því að greinin yrði fjarlægð á þessu stigi málsins enda voru þau sögð vera trúnaðarmál. Mér brá því að sjá beiðnina. Ég skýrði því frá henni samdægurs með færslu á síðu minni á „Facebook“.

Þessi færsla vakti mjög mikla athygli, rúmlega 200 manns lýstu skoðun sinni á henni, nær allir fordæmdu á einn veg eða annan þessa beiðni um ritskoðun. Á netinu skýrðu fjölmiðlar frá beiðninni. Þegar hér var komið var ekki lengur fært að þegja um rökin fyrir beiðninni og las ég þau um kvöldið 11. janúar. Ég sá strax að auðvelt yrði að endurskoða greinina til að mæta helstu efnisatriðum í beiðni kröfuhafa og sendi ég viðkomandi tölvupóst þar sem ég skýrði frá fyrirhugaðri efnisendurskoðun. Raunar er fátt eðlilegra en að endurskoða af stuttar 18 ára gamlar greinar!

Daginn eftir, 12. janúar, barst mér í tölvupósti svar þar sem viðkomandi háskólakennari vestanhafs lýsti sig ánægðan með þennan framgangsmáta. Ég hóf þá endurritunina sem lauk 14. janúar og sem birtist á Vísindavefnum að morgni 15. janúar. Endurritunin fólst einkum í tvennu. Ég fjarlægði nokkur orð í fyrsta hluta greinarinnar sem auðveldlega mátti misskilja og setti önnur í staðinn, orð sem ekki gátu sært. Sá efnishluti var þar að öðru leyti óbreyttur. En einnig bætti ég við nýju efni í síðasta hlutanum þar sem ég taldi að ég hefði ekki gert tímanum frá 18. öld nógu góð skil í upphaflegu greininni.

Ég tel að með þessari nýju útgáfu greinarinnar hafi öllum kröfum háskólakennarans bandaríska verið tekið sómasamlega. Er það og álit þeirra sem greinina hafa lesið í nýja forminu. En það er óneitanlega undarlegt hver framgangsmátinn í umræddri kröfu var. Hvers vegna hafði umræddur kvörtunaraðili ekki beint samband við mig og hvers vegna mátti ég ekki sjá beiðni hennar?

> **Ég tel að með þessari nýju útgáfu greinarinnar hafi öllum kröfum háskólakennarans bandaríska verið tekið sómasamlega. Er það og álit þeirra sem greinina hafa lesið í nýja forminu. En það er óneitanlega undarlegt hver framgangsmátinn í umræddri kröfu var.**

Lára Magnúsardóttir víkur nokkuð að Vísindavefsgreininni frá 2001 en hefur augsýnilega ekki lesið greinina í núverandi formi. Var henni þó bent á þetta en hún hafði það að engu. Í framhaldi af því fer hún að velta fyrir sér ýmsu um mig sem fræðimann og áhugamann um stjórnmál. Allt eru þetta sértækar ályktanir hennar sem eru í meginatriðum rangar, ég þekki mig ekki hvorki sem fræðimann né áhugamann um samfélag okkar í ímyndunarveruleika hennar. Nenni ég því ég ekki að elta ólar við þær í smáatriðum.

# Ólögmætar framkvæmdir á Landsímareit – Skyndifriðun skýrð I

**Áshildur Haraldsdóttir**
flautuleikari
**Friðrik Ólafsson**
fv. skrifstofustjóri Alþingis
**Helgi Þorláksson**
fv. prófessor
**Hjörleifur Stefánsson**
arkitekt
**Marinó Þorsteinsson**
formaður sóknarnefndar Dómkirkjunnar

Áttunda dag janúar sl. var frá því sagt að mennta- og menningarmálaráðherra hefði staðfest tillögu Minjastofnunar Íslands um friðlýsingu Fógetagarðsins í Reykjavík; þennan garð hafa borgaryfirvöld nefnt Víkurgarð í seinni tíð. Friðlýsingin er þungvægari en svonefnd aldursfriðun og þótti ekki vanþörf á að grípa til hennar. Sama dag ákvað Minjastofnun „að skyndifriða þann hluta Víkurkirkjugarðs sem er innan byggingareits Lindarvatns á Landssímareit í Reykjavík“. Þetta er austurhluti Víkurkirkjugarðs og samanlagt eru hann og Fógetagarðurinn hinn gamli kirkjugarður Reykvíkinga, eins og hann var 1838. Minjastofnun mun stefna að því að leggja til friðlýsingu austurhlutans á byggingarreit framkvæmdaðilans, Lindarvatns, enda segir í yfirlýsingu frá stofnuninni um þessa skyndifriðun: „Ákvörðun þessi felur í sér að lagt er til að friðlýsingarsvæðið verði stækkað.“ Við teljum þetta sjálfsagt, að skilja ekki austurhlutann út undan í friðlýsingu og munum gera nánari grein fyrir þeirri skoðun hér.

**Sagan**

Nýr kirkjugarður á Melunum var tekinn í notkun 1838 en gamli Víkurkirkjugarður var þó ekki lagður niður formlega og áfram mun hafa verið jarðsett þar, síðast með vissu 1883. Kirkja stóð í garðinum til loka 18. aldar og var seinast dómkirkja. Hún stóð þar sem núna er stytta Skúla fógeta. Vestan við hana, handan við núverandi Aðalstræti, stóð höfuðbýlið í Reykjavík að fornu.

Árið 1883 var Schierbeck landlækni fenginn vesturhluti hins gamla kirkjugarðs til afnota með ströngum skilmálum, garðurinn skyldi vera umgirtur og aðeins vera aldingarður, þ.e. skrúðgarður, en ekki mætti rækta þar kál, hvað þá byggja. Þetta er upphaf Fógetagarðsins. En sama ár var austurhluta garðsins ráðstafað líka. Á horni Kirkjustrætis og Thorvaldsensstrætis, alveg úti við Austurvöll, stóð hús lyfsala. Þeir voru jafnan danskir og áttu húsið hver eftir annan. Árið 1883 hét lyfsalinn Krüger og fékk austurhluta Víkurkirkjugarðs til varðveislu með svipuðum skilmálum, mátti aðeins nota hann til ræktunar. Þetta var 300 til 350 fm spilda, eftir sólarmerkjum að dæma, og er það reiturinn sem var skyndifriðaður á dögunum. Lyfsalarnir höfðu þarna umgirtan skrúðgarð. Í þessum austurhluta voru merktir legstaðir, eins og í Fógetagarði. Stundum er sagt að með þessari ráðstöfun og skiptingu 1883 hafi gamli kirkjugarðurinn verið „afhelgaður“ en ekkert kemur fram um það. Kirkjubyggingar eru stundum afhelgaðar en fróðustu menn vita ekki til að kirkjugarðar séu nokkurn tíma afhelgaðir. En með því að fá mönnum hinn gamla kirkjugarð til ræktunar mun hafa þótt vel fyrir séð um varðveislu hans.

> **Þetta merkir að jarðsetja megi að nýju í grafarstæði eftir 75 ár. Það merkir ekki að frjálst sé að umturna kirkjugörðum að loknum 75 árum frá síðustu jarðsetningu.**

**Lög**

Í 33. gr. í lögum um kirkjugarða (36/1993) segir: „Niðurlagðan kirkjugarð má ekki nota til neins þess sem óviðeigandi er að dómi prófasts (prófasta). Ekki má þar jarðrask gera né reisa nein mannvirki. Þó getur [ráðuneytið] veitt undanþágu frá þessu, að fengnu samþykki [kirkjugarðaráðs]“. Sambærilegt ákvæði var fyrst sett í íslensk lög 1901 en styðst við langa hefð, gamlir kirkjugarðar voru jafnan varðveittir og lögð áhersla á að þeir væru girtir svo að skepnur væru þar ekki á beit.

Því er stundum haldið fram að ekki þurfi að virða grafarró lengur en í 75 ár. Í 29. gr. sömu laga (36/1993) segir: „Allar grafir skulu friðaðar í 75 ár. Að þeim tíma liðnum er kirkjugarðsstjórn heimilt að grafa þar að nýju eða framlengja friðun ef þess er óskað.“ Þetta merkir að jarðsetja megi að nýju í grafarstæði eftir 75 ár. Það merkir ekki að frjálst sé að umturna kirkjugörðum að loknum 75 árum frá síðustu jarðsetningu. Ofannefnd 33. gr. er ótvíræð um þetta. Bygging í austurhluta Víkurkirkjugarðs er þar með ólögleg nema undanþága sé veitt en um hana hefur ekki verið sótt.





Eigðu góðan dag - ristaðu Samsölu beyglur

» Samsölu-beyglur eru og hafa verið vinsælar á íslenskum heimilum til fjölda ára. Þú getur valið úr fjórum tegundum. Núna færðu vinsælu Samsölu-beyglurnar einnig með jalapeno og bræddum Cheddar osti.
Njóttu þess að setjast niður að morgni með nýristaða jalapeno beyglu, það gerir daginn betri.

Það einfaldar þér lífið að eiga beyglur í frystinum, þú getur fengið þér bragðgóða máltíð á einungis nokkrum mínútum. Hafðu það notalegt og toppaðu Samsölu-beygluna með þínu uppáhalds áleggi.

— fáðu þér beyglu, strax í dag
Samsölu-beyglur eru frábærar með rjómaosti...
SAMSÖLU BAKARÍ
myllan.is

# BÓNUS®

ÍSLENSKT
gjörið svo vel

120
hylki




**2.998**
kr. stk.

**Protis Kollagen**
120 hylki, 40 dagskammtar
Íslensk framleiðsla

Ekki gleyma
**BÓNDANUM**



**1.595**
kr. búnt

**Túlípanar**
10 stk.

400g



**598**
kr. 400 g

**Jarðarber**
400 g

500g




**998**
kr. 500 g

**Bláber**
500 g



Verð gildir til og með **27. janúar** eða meðan birgðir endast

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Fullmeyrnað
**ÍSLENSKT**
Ungnautakjöt

ÍSLENSKT gjörið svo vel






TILBÚIÐ TIL SOUS VIDE ELDUNAR
SOUS VIDE

**4.395**
kr. kg

**ÍN Ungnauta Ribeye**
Ferskt og fullmeyrnað

500ml




AÐEINS AÐ HITA

**498**
kr. 500 ml

**ÍS Piparostarjómasósa,** 500 ml
**ÍS Rjómasveppasósa,** 500 ml

norðanfiskur



**1.998**
kr. kg

**NF Bleikjubitar**
Frosnir



**1.398**
kr. kg

**NF Þorskhnakkar**
Frosnir

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

250g



SAMA VERÐ UM LAND ALLT



**198**
kr. 2 stk.

**Fuji Epli**
2 stk., ca. 450 g

**195**
kr. 250 g

**Kirsuberjatómatar**
Spánn, 250 g

# Fólk

FIMMTUDAGUR 24. JANÚAR 2019

## Tíska





Virgil Abloh kemur sterkur inn sem hönnuður hjá Louis Vuitton. Herratíska hans fyrir haust og vetur 2019-2020 þykir frumleg og smart. →4

HREINT OG NÁTTÚRULEGT
SVITASPREY





Fást í apótekum, heilsubúðum og Hagkaup



Síða peysan með bleikum ullarkjól gefur allt annað yfirbragð en sama peysa með svörtum bol og buxum. MYND/BIRGIR PÁLL BJARNASON

# Notum og nýtum fötin okkar betur

Amanda da Silva Cortes lyfjafræðingur hefur ástríðu fyrir CrossFit, umhverfis- og dýravernd og plöntumiðaðri matargerð. Hún er einnig bloggari á oskubuska.is. Hún er í fataföstu og ætlar ekkert fatakyns að kaupa á næstunni. →2

**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@frettabladid.is



**Framhald af forsíðu ➪**

Ég ákvað að prófa aðra nálgun á tískuiðnaðinn með því að fara í sex mánaða fataverslanaföstu,“ segir Amanda. „Mér fannst ég vera á þannig stað í lífinu að tímabært væri að prófa eitthvað róttækt.“ Hún segist hafa verið hinn fullkomni neytandi. „Ég var vön að kaupa mikið af flíkum hjá svokölluðum „fast fashion“ verslunum sem eru verslanir sem selja flíkurnar sínar oftast tiltölulega ódýrt og framleiða nýja línu mjög reglulega. Ég fór að huga að neyslumynstri mínu fyrir ári, auk þess sem ég fór að velja framleiðendur sem voru með vottarnir fyrir því að starfsfólk fengi viðunandi laun og starfsaðstæður. Það minnkaði klárlega neyslu mína enda erfiðara að nálgast slíkar flíkur auk þess sem þær eru oftast nær dýrari, en samt þótti mér ég aldrei eiga nóg. Ég var alltaf á höttunum eftir næstu „draumaflík“ eða með lista yfir hvað gæti „vantað“ næst. Ég finn ekki fyrir löngun til þess að eiga nýjustu raftækin eða flottustu og dýrustu húsgögnin, en föt eru veikleiki minn.“

Amanda gerði tvær undantekningar frá föstunni. „Þar sem ég er bloggari vil ég geta kynnt lesendur okkar fyrir vörumerkjum sem framleidd eru á sanngjarnari hátt en gengur og gerist, og skyldi fyrirtæki vilja hefja samstarf við mig þar sem boðnar eru vörur fyrir umfjöllun þá vil ég geta samþykkt slíkt svo framarlega sem það er í takt við mín gildi. Hin undantekningin er að ef mig nauðsynlega vantar ákveðna flík sem ég get ekki fengið lánaða hjá öðrum, þá má ég kaupa hana notaða.“

10x10 áskorunin er hluti af fataföstu Amöndu. „Sú sem fann upp á áskoruninni heitir Lee og er með bloggið Style Bee. Hún byrjaði þessa áskorun árið 2015 þegar hún var í miðri fataverslanaföstu en síðan þá hefur áskorunin hlotið gífurlegar vinsældir. Tilgangurinn er að virkja ímyndunaraflið og sköpunargleði þegar kemur að fatasamsetningum og læra hvernig hægt er að nýta flíkurnar sínar oftar og við fleiri tilefni. Áskorunin virkar þannig að þú velur 10 flíkur sem þú notar í 10 daga á 10 mismunandi vegu. Náttföt, nærföt, íþróttaföt, skartgripir, belti, töskur og slíkir aukahlutir eru ekki taldir með. Hægt er að sníða þetta að eigin þörfum en ég tók t.d. ekki yfirhafnir með í áskorunina enda er ég hvort sem er alltaf í sömu úlpunni á veturna.“ Hún segir mikilvægt að reyna að nýta fötin sín sem best. „Meðal annars með því að gera við þau þegar þarf, annaðhvort sjálf eða fara með þau á saumastofu. Svo er gott að skoða alltaf þvottaleiðbeiningarnar sem fylgja flíkunum og þvo í samræmi við þær, auk þess að reyna að þvo flíkurnar ekki að ástæðulausu.“

Hún bendir á að fataiðnaðurinn sé einn af mestu mengunarvöldum heims. „Ekki er einungis verið að henda gífurlegu magni af flíkum sem enda gjarnan í urðun heldur eru notuð skaðleg efni í vinnsluna. Starfsaðstæður einstaklinga í fataverksmiðjunum, sem eru að vinna með öll þessi eiturefni, eru gjarnan mjög bágar og launagreiðslur mjög lágar. Þessar aðstæður myndast því að stórar verslunarkeðjur vilja framleiða flíkurnar hratt og með sem minnstum tilkostnaði. Fatasóun er mikið vandamál en það er skýrt samband á milli þessara ódýru fataverslana og fatasóunar.“ Hún bendir á að með því að vera stöðugt að framleiða nýjar fatalínur séu stóru keðjurnar óbeint að hvetja til aukinnar neyslu þar sem eitthvað er dottið úr tísku og annað komið í staðinn. „Flíkurnar eru gjarnan í lélegum gæðum þar sem þær þurfa að standa undir kostnaði og markaðurinn vill að neytandinn endurnýi flíkur sínar sem oftast. Enn er verið að smána og gera grín að stórstjörnum ef þær sjást tvisvar í sömu flíkinni, hvað þá á stórum viðburði, í stað þess að hrósa þeim fyrir að nýta flíkurnar. Það tók mig góðan tíma að átta mig á því að ég þarf ekki nýja flík í hvert partí og að það sé gott og fallegt að nýta flíkurnar sínar vel. Þarna þarf að verða viðhorfsbreyting.“

Hún segir að umhverfisvænasta leiðin til að kaupa föt sé að kaupa þau notuð. „Þannig er dregið úr líkum á því að flíkin lendi í urðun, kolefnisspor flíkurinnar minnkar og oft er verið að styrkja gott málefni í leiðinni þó það sé líka í fínu lagi að kaupa notuð föt á sölusíðum, t.d. á Facebook. Ég skoða alltaf úr hvernig efni flíkin er gerð og reyni að forðast plastefni. Þau anda gjarnan verr og það losnar úr þeim örplast í þvotti. Ekki einungis finn ég mun þegar ég nota flíkur úr náttúrulegum trefjum, heldur er einnig auðveldara að endurvinna þau. Annars er mikilvægt að kaupa vandaðar flíkur sem munu endast og máta þær við fataskápinn í huganum, reyna að búa til nokkrar samsetningar við það sem fyrir er áður en flíkin er keypt. Ég rannsaka svo alltaf fyrirtækin sem búa flíkina til og skoða hversu umhverfisvæn þau eru. Að lokum langar mig að hvetja alla til að horfa á heimildamyndina The True Cost sem er meðal annars á Netflix. “



Amanda da Silva Cortes kaupir engin föt næstu mánuðina heldur notar það sem er í fataskápnum. Hún er nú í áskorun sem heitir 10x10 sem felst í því að nota tíu flíkur á tíu mismunandi vegu í tíu daga. MYND/STEFÁN

Hægt er að fylgjast með Amöndu og áskoruninni á Instagram undir nafninu amandasophy.



Hér má sjá flíkurnar tíu sem mynda 10x10 fataáskorun Amöndu. Þetta eru hlýjar flíkur í litum sem fara vel saman. MYND/BIRGIR PÁLL BJARNASON



Og hér er bleiki kjóllinn orðinn að pilsi við gráa peysu. MYND/BIRGIR PÁLL BJARNASON







**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,


ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!
NÚ 50-70% afsláttur
hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Flott herratíska hjá Vuitton

Tískuhönnuðurinn Virgil Abloh vakti mikla athygli í fyrra þegar hann sýndi fyrstu línuna sína fyrir Louis Vuitton. Ekki síður var spenningur núna fyrir herratískunni haust-vetur 2019-2020.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Virgil fékk mikið hrós fyrir frumleika á herrasýningunni sem fram fór í París í síðustu viku. Að þessu sinni sótti Virgil hugmyndir sínar til poppkóngsins Michaels Jackson. Umhverfi sýningarpallanna var sótt í myndband við lagið Billie Jean.
Sumir voru áhyggjufullir þegar upplýst var að hinn ameríski Virgil væri að taka við herrahönnun hjá Louis Vuitton. Nú sjá menn að þær áhyggjur voru óþarfar. Herralínan er afskaplega skemmtilega hönnuð, þægileg, víð og jakkarnir frumlegir. Jarðlitir voru áberandi, sérstaklega grár og brúnn en fjólublár og rauður litur sáust inn á milli.

Virgil. sem er fæddur árið 1980 í Bandaríkjunum. hefur starfað sem plötusnúður og tónlistarframleiðandi. Hann hóf störf hjá Louis Vuitton í mars 2018 en einnig hefur hann hannað fyrir Off-White sem er eitt heitasta merkið í dag. Virgil hefur starfað mikið með Kanye West.

Virgil kynntist eiginkonu sinni í menntaskóla og þau giftu sig árið 2009. Þau eiga tvö börn og búa í Chicago. Virgil ferðast 560 þúsund kílómetra á ári vegna starfa sinna.



Virgil Abloh, tískuhönnuður hjá Louis Vuitton, hefur vakið mikla athygli fyrir frumlegan stíl. Tímaritið Time útnefndi hann í fyrra einn af eitt hundrað manneskjum sem hafa mest áhrif í heiminum.



Louis Vuitton herratíska fyrir haust og vetur 2019-2020 var sýnd í París í síðustu viku. Grár litur var áberandi.



Flott jakkaföt með frumlegu sniði. Þessi föt eiga örugglega eftir að verða vinsæl hjá aðdáendum Virgils.



Þessi er hipp og kúl í hvítu. Haust- og vetrartíska frá Louis Vuitton 2019-2020. Takið eftir hettupeysunni.



Smá Michael Jackson stíll á þessum vetrarfatnaði Louis Vuitton.



Það eru skemmtilegar ermar á þessum frakka frá Louis Vuitton.



Það virðist vera sem þessi úlpa kæmi sér vel í vetrarkulda hér á landi.


SMART BUXUR, FYRIR SMART KONUR
My Style tískuhús
Stærðir 38-52
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

NÝ SENDING AF VORVÖRUM

ÚTSALA
ENN MEIRI AFSLÁTTUR
Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
BASLER MaxMara BRAX


GRAL KYNNIR
SVARTLYNG
ÞT. Mbl.
SJ. Frbl.
„Við viljum ekki anarkí – manstu?“
–Elsa Bjarnadóttir Schött, ráðuneytisstjóri
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR
25. janúar kl. 20:00
2. febrúar kl. 20:00
9. febrúar kl. 20:00
TJARNARBÍÓ
Miðasala á tix.is

# Er ekki andlit Mexíkó

**Mexíkóinn Yalitza Aparicio er tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta leikkonan. Hún er kennari að mennt og brýtur blað í sögu innfæddra mexíkóskra kvenna í tískuritum og á rauða dreglinum.**

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Mexíkóska leikkonan Yalitza Aparicio er stjarna kvikmyndarinnar Roma sem er tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta myndin og Yalitza sem besta leikkonan í aðalhlutverki.

Yalitza er 25 ára og býr í fjallaþorpinu Tlaxiaco, Oaxaca í Mexíkó. Það var eldri systir hennar, Edith, sem var kölluð í prufur hjá leikstjóranum Alfonzo Cuarón, fyrir hlutverk ráðskonunnar og fóstrunnar Cleo í Roma fyrir tveimur árum. Alls voru 3.000 mexíkóskar konur fengnar í leikprufur en engin þeirra náði að heilla leikstjórann. Þegar Edith varð ófrísk og hikandi um þátttöku í prufunum hvatti hún Yalitzu til að fara í leikprufuna í hennar stað.

Í viðtali við New York Times sagði Alfonso: „Um leið og hún gekk inn á skrifstofuna heillaði mig nærvera hennar sem er dálítið feimin en samt svo opin. Hvernig hún nálgast fólk, er til staðar og vill að fólk, sérstaklega bágstatt fólk, skynji það, er einstakt.“

Þegar Alfonso bauð Yalitzu aðalhlutverkið velktist hún í vafa. Hún hafði nýlokið kennaraprófi og vildi ráðfæra sig við fjölskylduna, en hringdi svo til baka: „Jú, ég býst við að ég geti þetta. Ég hef ekkert annað betra að gera,“ sagði Yalitza sem nú er orðin ein helsta fyrirmynd innfæddra mexíkóskra kvenna, en 70 prósent þeirra lifa í fátækt, ánauð og mismunun.

Leikarar í Roma fengu hvorki handrit né sögu. Yalitza skapaði persónu Cleo á æskuminningum Alfonsos, eigin sýn á persónuna og reynslu móður sinnar sem stritandi verkakonu.

## Vatnaði músum yfir Roma

Yalitza prýddi forsíðu mexíkóska Vogue í desember og braut blað í tuttugu ára sögu tímaritsins þar í landi. Hún er þó ekki sátt við að vera undantekningin og vill nota frægð sína til að bæta framtíð kvenna í heimalandinu.

„Ég er ekki andlit Mexíkó. Landið á sín mörgu andlit. Það á heldur ekki að skipta máli hvað maður gerir eða hvernig maður lítur út; hvert og eitt okkar ætti að geta uppfyllt sína drauma,“ sagði hún í viðtali við New York Times.

Undanfarið misseri hefur Yalitza fylgt Roma eftir um allan heim. Hún sá myndina fyrst í Feneyjum og segist hafa reynt að berjast við tárin fyrsta hálftímann en svo beygt af og hágrátið myndina á enda.

„Heima finn ég lítið fyrir frægðinni enda lítum við öðruvísi út á hvíta tjaldinu en í eigin persónu. Það er helst þegar búið er að dressa mig upp að fólk snúi sér við,“ segir Yalitza eftir að hafa staðið á rauða dreglinum um víða veröld að undanförnu. Hún segir tilnefningu til Óskarsverðlaunanna opna dyr fyrir aðra og alla og dýpka sannfæringu innfæddra Mexíkóa um að þeir geti þetta líka. Samt er hún ekki viss um að hún leiki meira. Að móta huga og hjörtu grunnskólabarna er auðveldara en að breyta rótgróinni hugsun fullorðinna, en þó er það einmitt það sem kvikmyndin Roma gerir.

„Þegar upp er staðið er þetta ekki svo ólíkt því sem ég hef viljað gera. Ég hef séð að bíómynd getur uppfrætt fólk á öllum aldri og um allan heim,“ en Roma hefur vakið miklar umræður um ójöfnuð, illa meðferð verkamanna og hverjir eru velkomnir á rauða dregilinn í landi þar sem innfæddar konur sjást sjaldan í tímaritum; hvað þá á verðlaunahátíðum í Hollywood.



Yalitza segir fæsta þekkja sig á götu nema hún sé klædd upp à la Hollywood.



Yalitza hefur hlotið mikla viðurkenningu fyrir Roma en þó ekki Golden Globe.



Glæsileg í appelsínugulri pilsdragt og bandahælum á rauða dreglinum.



Stíll Yalitzu er litríkur og líflegur og klæðir hana einstaklega vel.


# VÖRUBÍLAR OG VINNUVÉLAR

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um vörubíla og vinnuvélar kemur út 29. janúar nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654/ jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

BRAUT BÍLASALA



MERCEDES-BENZ Ml 350 4 matic bluetec Árgerð 11/2014 ekinn 50 ÞKM dísel sjálfskiptur 7 gírar Verð/skiptiverð kr 6.890.000.- Tilboð staðgreitt kr 5.990.000.Glæsilegur og vel búinn bíll Rnr.106780.

**Braut Bílasala**
**Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6600**
**bilabraut@bilabraut.is**
**www.bilabraut.is**

### Bílar til sölu



**OPEL ASTRA.**
Opel Astra árg.2000, sparibaukur til sölu, 1200 vél,ekinn 267 þús. með tímakeðju. Fæst á 60 þús. Uppl. s:855-4501

### Viðgerðir

VAKA
VIÐ ERUM GERÐIR FYRIR VIÐGERÐIR!
VERKSTÆÐI, ÞAR SEM HLUTIRNIR GERAST HRATT OG ÖRUGGLEGA!



Sími: 567 6700 | vakahf.is

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

Getum bætt við okkur verkefnum í almennt múrverk- flísalagnir-flotun og fl. Uppl hjá Þórði í s: 618-5286

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## Keypt & Selt

### Til sölu

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

**Sérverslun með dróna**



Mavic 2 Pro
dji | REYKJAVÍK
AUTHORIZED RETAIL STORE
dji.is
Lækjargata 2a
Sími 519 4747

STIGA



**ST 5266 PB snjóblásari**
B&S mótor, 250cc, rafstart
Kastar 1-12 metra
Vinnubreidd 66 cm.
Upphituð handföng og ljós
Frábær í erfiðan snjómokstur

VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

## Til sölu

**Heilir gluggar til sölu**
**2 opnanlegir og 1 stór**



**Verð aðeins 130 þús fyrir allt saman.**
Upplýsingar í síma 860 0662, Einar




# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Bílvogur eh/f
Bifreiðaverkstæði
Auðbrekka 17
200 Kópavogi
Láttu okkur gera bílinn kláran í vetrarakstурinn.
Yfir 30 ára reynsla í öllum almennum bílaviðgerðum og smurþjónustu.
Sími 564 1180 • bilvogurmot@simnet.is • www.bilvogur.is

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Ferðaþjónustuhús**



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.
Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Við sérhæfum okkur við heimilisþrif, húsfélög og fyrirtækjaþrif.
Hægt að panta tíma á hofdabon.is
Höfðabón ehf
Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com
HÖFÐABÓN

Alla fimmtudaga og laugardaga
arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

## Fasteignir

**GULLSMÁRI 5**
**201 KÓPAVOGUR**

**119,9 m²**
**51,5 millj.**



**OPIÐ HÚS**

Góð 119.9 fm, 4 herbergja íbúð á 2. hæð í fallegu lyftuhúsi í Smáranum. Yfirbyggðar svalir til suðurs með opnanlegum fögum. Mjög góð staðsetning á vinsælum stað. Eignin skiptist í: forstofu, 3 svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi, sérgeymslu í sameign og bílskúr. **V. 51,5 m.**
**Opið hús fimmtudaginn 24. jan. milli kl.17:00 og 17:30**
**Nánari uppl. Hreiðar Leví, s. 661 6021, hreidar@eignamidlun.is eða Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. / sölustjóri s. 899 1882 eða thorarinn@eignamidlun.is**

### Melabraut 28
170 Seltjarnarnes



**OPIÐ HÚS**
fimmtudaginn 24.jan. kl. 17:00 – 17:30

Tæplega 160 fm mið sérhæð með bílskúr á Seltjarnarnesi
Fjögur góð svefnherbergi
Björt og vel skipulögð
Búið að endurnýja flestar lagnir



Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Ólafsson,** lögg. fasteignasali
jassi@miklaborg.is **sími:** 775 1515

Verð :
**73,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

### Höfðatorg
**Bríetartún 9- 11**
**105 Reykjavík**



**OPIÐ HÚS**
fimmtudaginn 24.jan. kl. 12:00 – 12:30



**Svan G. Guðlaugsson**
lögg. fasteignasali
Sími:697 9300
svan@miklaborg.is



**Jason Ólafsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Glæsilegar íbúðir í hjarta Reykjavíkur
Íbúðarbygging með verslun og þjónustu á jarðhæð.

Afhending **15.til 28. febrúar**
Stærðir 60 fm uppí 220 fm
Verð frá : **43,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## Tilkynningar

### Byggingar- og skipulagsfulltrúi

Laust er starf byggingar- og skipulagsfulltrúa í Kjósarhreppi. Leitað er eftir öflugun og hæfum einstaklingi sem hefur áhuga á starfi á þessu sviði. Um er að ræða hlutastarf.

Starfsmaðurinn fer með framkvæmd byggingar- og skipulagsskipulagsmála samkvæmt lögum og sinnir verkefnum í samstarfi við skipulags- og byggingarnefnd sveitarfélagsins sem starfar í umboði hreppsnefndar ásamt því að vinna náið með oddvita/sveitarstjóra.

**Helstu verkefni:**
- Móttaka skipulags- og byggingarerinda
- Undirbúningur og eftirfylgni funda skipulagsnefndar
- Úttektir, mælingar og vettvangsathuganir
- Útgáfa byggingarleyfa, framkvæmdaleyfa og stöðuleyfa.
- Umsagnir vegna útgáfu rekstrar og/eða starfsleyfa
- Yfirferð uppdrátta
- Skráning fasteigna og stofnun lóða.
- Umsjón með skjalavistun er varðar skipulags og byggingarmál og tryggja virkni gæðakerfis byggingarfulltrúa.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Umsækjendur skulu fullnægja menntunar- og hæfniskröfum 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 25. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.
- Þekking og reynsla af skipulags- og byggingarmálum ásamt opinberri stjórnsýslu er æskileg.
- Mikilvægt er að umsækjandi hafi iðnmenntun í byggingariðnaði sem bakgrunn.
- Góðir samskiptahæfileikar eru nauðsynlegir.
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið. Laun og önnur starfskjör eru samningsatriði.

Nánari upplýsingar veitir oddviti í síma 566 7100. Umsóknir ásamt fylgigögnum skal senda á netfangið: oddviti@kjos.is.

**Umsóknarfrestur er til 7. mars.**


Þú finnur draumastarfið á
Job.is
GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU


# Atvinnuauglýsingar | Job.is

### GG Verk ehf. – Verkefnastjóri

capacent

Vegna stórra verkefna framundan óskar GG Verk ehf. eftir að ráða drífandi og metnaðarfullan einstakling í starf verkefnastjóra. Staða verkefnastjóra er ein af lykilstöðum innan fyrirtækisins.

**Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/12489**

### Stapi lífeyrissjóður – Greinandi í eignastýringu

capacent

Stapi lífeyrissjóður óskar eftir að ráða greinanda í eignastýringardeild sjóðsins. Leitað er að talnaglöggum og ábyrgum einstaklingi með áhuga á verðbréfamarkaði.

**Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/12488**

### Héðinn hf. - FORSTÖÐUMAÐUR TÆKNIDEILDAR

Héðinn hf. óskar eftir að ráða í starf forstöðumanns tæknideildar. Við leitum að reynslumiklum stjórnanda með góða faglega þekkingu.

Nánari upplýsingar veitir:
Þórir Þorvarðarson, **thorir@hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með 31. jan. 2019

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

### Tandur - SÖLU- OG ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

Vegna aukinna umsvifa óskar Tandur hf. eftir að ráða öflugan sölu- og þjónustufulltrúa.

Nánari upplýsingar veitir:
Rannveig J. Haraldsdóttir,
**rannveig@hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með 27. jan. 2019

Umsóknir óskast fylltar út á
**www.hagvangur.is**

### Öryrkjabandalag Íslands - Aðgengisátak ÖBÍ

Öryrkjabandalag Íslands auglýsir eftir tveimur starfsmönnum í tímabundin hlutastörf við átaksverkefni á sviði aðgengismála á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Samanlagt er gert ráð fyrir 100% starfshlutfalli sem skiptist á milli starfsmanna eftir samkomulagi. Átaksverkefnið mun standa yfir í sex mánuði.

Nánari upplýsingar veitir:
Inga S. Arnardóttir, **inga@hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með 4. feb. 2019

Umsóknir óskast fylltar út á
**www.hagvangur.is**

### Byggðasamlag um brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda - SLÖKKVILIÐSSTJÓRI

Væntanlegt byggðasamlag um brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda óskar eftir að ráða slökkviliðsstjóra. Tilgangur byggðasamlagsins er að að fara með skipulag, yfirstjórn, þjálfun vegna slökkviliða og eldvarnareftirlits á starfssvæðinu.
Starfssvæðið er Árneshreppur, Dalabyggð, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur og Strandabyggð.

Nánari upplýsingar veitir:
Þórir Þorvarðarson, **thorir@hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með 31. jan. 2019

Umsóknir óskast fylltar út á
**www.hagvangur.is**

**Sjá nánar á job.is**
Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426

# ÞORRAVEISLA í Bónus

**300kr verðlækkun**




**1.398** kr. 200 g

**Vestfirskur Harðfiskur**
Þorskur, flök, 200 g
Verð áður: 1.698 kr




**2.798** kr. fatan

**SS Blandaður Súrmatur**
1,35 kg




**759** kr. 100 g

**Norðanfiskur Hákarl**
100 g




**89** kr. 500 ml

**Egils Pilsner**
500 ml

ÍSLENSKT
gjörið svo vel




**3.398** kr. kg

**Súr Hvalur**
Langreyður




**229** kr. 350 g

**Nonni Rófustappa**
350 g




**2.298** kr. kg

**Kosta Sviðasulta**
Stór stykki

**BÓNUS EKKERT BRUÐL**

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




4 X 330 ml
Best fyrir apríl 2019

198
kr. 500 ml

**Sprite Zero**
4 x 330 ml




98
kr. 500 ml

**Egils Kristall**
Sítrónubragð, 500 ml

# SAMA VERÐ UM LAND ALLT




195
kr. 2 l

**Pepsi og Pepsi Max**
2 lítrar




Egils Kristall 0,5 l
FYLGIR MEÐ

759
kr. pk.

**Bónus Réttur**
Fyrir einn, 3 teg.

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00











# Til leigu

## Atvinnuhúsnæði fyrir umfangsmikla starfsemi.

Reitir bjóða til leigu 2.819 $m^2$ atvinnuhúsnæði við Klettagarða 6. Aðkoma við húsið er eins og best verður á kosið, bæði fyrir gesti og atvinnutæki. Um er að ræða rúmgóðan og háan sal með þremur innkeyrsluhurðum og minni sal með innkeyrsluhurð. Skrifstofurýmið var endurnýjað fyrir örfáum árum og starfsmannaaðstaða er mjög góð. Húsnæðið er laust til afhendingar.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Jensson sölustjóri í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 140 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land.

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR

# SPORT

## ÍSLAND - BRASILÍA 29-32 (15-15)

GERDEN HANDBALL'19

### Maður leiksins

**Elvar Örn Jónsson** var markahæstur í íslenska liðinu með sjö mörk. Gaf einnig þrjár stoðsendingar, tvær vítasendingar og fiskaði eitt víti sjálfur.



### Hættulegustu mennirnir

Mörk + stoðsendingar

| | |
|---|---|
| Elvar Örn Jónsson | 7+3 |
| Ómar Ingi Magnússon | 6+2 |
| Gísli Þorgeir Kristjánsson | 2+3 |
| Bjarki Már Elísson | 3+1 |
| Sigvaldi Guðjónsson | 3+0 |
| Ólafur Guðmundsson | 2+1 |
| Arnar Freyr Arnarsson | 2+0 |

**22** prósent var hlutfallsmarkvarsla Íslands í leiknum.

**Stefán Rafn Sigurmannsson** klúðraði síðustu 3 vítum sem hann tók á HM.

**8** sinnum stálu Brasilíumenn boltanum af Íslendingum.

**17** mörk skoruðu skytturnar Langaro og Toledo samtals.

### Mörk úr leikstöðum

Markvarsla 9/41

1 — 3

5 Lína

5 Víti

1 — 2 — 0

Hraðaupphlaup 5

Gegnumbrot 7



Gísli Þorgeir Kristjánsson fær óblíðar móttökur frá José Toledo í leik Íslands og Brasilíu í Köln í gær. Hafnfirðingurinn skoraði tvö mörk. NORDICPHOTOS/GETTY

# Svekkjandi leiðarlok á HM

**Ísland tapaði með þriggja marka mun, 29-32, fyrir Brasilíu í síðasta leik sínum á HM í handbolta. Ellefta sætið varð niðurstaðan. Byrjunin á leiknum var afleit og vörn og markvörslu íslenska liðsins var ábótavant.**

**HANDBOLTI** Byrjunin á lokaleik Íslands á HM var eins og endursýning á fyrstu mínútunum gegn Frökkum á sunnudaginn. Íslendingar voru heillum horfnir, Brasilíumenn gengu á lagið og skoruðu fimm fyrstu mörkin. Það birti til eftir því sem leið á fyrri hálfleikinn og íslenska liðið jafnaði metin fyrir hálfleik, 15-15.

Ísland byrjaði seinni hálfleikinn á því að færa Brasilíu boltann tvívegis á silfurfati og það gaf tóninn. Íslendingar áttu ágætis kafla en voru alltaf í eltingarleik. Á endanum munaði þremur mörkum á liðunum, 29-32. Ísland tapaði því öllum þremur leikjum sínum í milliriðli og endaði í 11. sæti. Brasilía endaði hins vegar í 9. sæti sem er besti árangur þjóðarinnar á heimsmeistaramóti.

Vörn og markvarsla Íslands var slök. Uppstilltur sóknarleikur var misjafn en hraðaupphlaupin gengu vel. Elvar Örn Jónsson var öflugur í seinni bylgjunni og var besti sóknarmaður Íslands líkt og gegn Frökkum. Hann var markahæstur í íslenska liðinu með sjö mörk.

„Það vantaði þónokkuð upp á. Það sást í byrjun leiks í hvað stefndi. Þótt við næðum að jafna fyrir hálfleik voru Brassarnir miklu sprækari og okkar menn gerðu mjög einföld mistök,“ sagði Stefán Árnason, þjálfari KA og sérfræðingur Fréttablaðsins um HM, um leikinn.

„Við náðum aldrei að spila eins og við viljum. Vörnin komst aldrei í gang og við vorum alltaf 1-2 skrefum á eftir. Það var líka þannig í sókninni. Allt frumkvæði í leiknum var Brasilíumegin. Svo var markvarslan engan veginn nægilega góð.“

Framliggjandi vörn Íslands var oftsinnis leikin grátt í leiknum í gær. „Vörnin okkar krefst þess að allir séu klárir og fótavinnan sé upp á tíu. Þegar við höfum náð því á HM hefur varnarleikurinn gengið mjög vel á köflum,“ sagði Stefán.

> Við náðum aldrei að spila eins og við viljum. Vörnin komst aldrei í gang og við vorum alltaf 1-2 skrefum á eftir.
>
> Stefán Árnason

„Guðmundur hefur unnið lengi með þessa vörn og hefur trú á henni. Ég held að hann meti það þannig að Ísland eigi ekki möguleika gegn þessum allra bestu skyttum nema að spila þessa tegund af vörn.“

Uppstilltur sóknarleikur Íslands gekk brösuglega á HM. „Þetta varð svolítið stirt eftir að Aron Pálmarsson datt út og líka á köflum meðan hans naut við. Þetta snerist mikið um hann og eðlilega var okkar besti maður í stóru hlutverki. Þegar Aron er ekki með vantar okkur leiðtoga, einhverja sem stilla upp og taka af skarið. Þessir strákar eru kannski ekki enn komnir þangað. Það er talsvert um óðagot og árásir.“

Stefán segir að heilt yfir geti Íslendingar gengið nokkuð sáttir frá HM. „Það sjá allir á hvaða vegferð við erum en það var svekkjandi að ná ekki að enda mótið með sigri. Það hefði verið skemmtilegra en þessir leikir í milliriðlinum muni gefa okkar mjög mikið í framtíðinni.“ **ingvithor@frettabladid.is**






### HM í handbolta

**Milliriðill 1**

**Ísland - Brasilía 29-32**

**Mörk Íslands (Skot):** Elvar Örn Jónsson 7 (10), Ómar Ingi Magnússon 6/5 (8/6), Bjarki Már Elísson 3 (5), Sigvaldi Guðjónsson 3 (6), Arnar Freyr Arnarsson 2 (2), Gísli Þorgeir Kristjánsson 2 (2), Stefán Rafn Sigurmannsson 2 (3/1), Ólafur Guðmundsson 2 (5), Ólafur Gústafsson 1 (2).

**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 8 (33/1, 24%), Ágúst Elí Björgvinsson 1 (8, 13%).

**Mörk Brasilíu:** Haniel Langaro 9, José Toledo 8, Felipe Borges 4, Alexander Pozzer 4, Henrique Teixeira 2, Rudolph Hackbarth 2, Fábio Chiuffa 2, Vinícius Teixeira 1.

**Frakkland - Króatía 20-22**
**Þýskaland - Spánn 31-30**

**Stig þjóða:** Þýskaland 9, Frakkland 7, Króatía 6, Spánn 4, Brasilía 4, Ísland 0.

**Milliriðill 2**

**Túnis - Egyptaland 23-30**
**Noregur - Ungverjaland 35-26**
**Danmörk - Svíþjóð 30-26**

**Stig þjóða:** Danmörk 10, Noregur 8, Svíþjóð 6, Egyptaland 3, Ungverjaland 3, Túnis 0.

### Domino's-deild kvenna

**Breiðablik - Haukar 70-90**
**Stigahæstar:** Sanja Orazovic 18, Ivory Crawford 18, Maria Palacios 10 - LeLe Hardy 19, Þóra Kristín Jónsdóttir 17, Eva Margrét Kristjánsdóttir 16, Klaziena Guijt 16.

**Keflavík - Skallagr. 61-54**
**Stigahæstar:** Brittanny Dinkins 22, Birna Benónýsdóttir 15, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 10 - Shequila Joseph 25, Brianna Banks 11, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 8.

**Stjarnan - Snæfell 88-87**
**Stigahæstar:** Danielle Rodriguez 25, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 15, Auður Íris Ólafsdóttir 14 - Kristen McCarthy 37, Angelika Kowalska 14, Gunnhildur Gunnarsdóttir 13.

**Valur - KR 82-70**
**Stigahæstar:** Helena Sverrisdóttir 33, Heather Butler 17, Simona Podesvova 8, Hallveig Jónsdóttir 7 - Kiana Johnson 21, Orla O'Reilly 13, Ástrós Lena Ægisdóttir 12.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Keflavík | 26 | Stjarnan | 20 |
| KR | 24 | Skallagr. | 10 |
| Snæfell | 22 | Haukar | 10 |
| Valur | 22 | Breiðablik | 2 |

### Enski deildabikarinn

**Burton - Man. City 0-1**
0-1 Sergio Agüero (26.).

*Man. City vann einvígið samanlagt 10-0 og mætir annaðhvort Chelsea eða Tottenham í úrslitaleiknum 24. febrúar.*

# Sátu eftir með sárt ennið

**HANDBOLTI** Draumur Svía um að leika um verðlaun á öðru stórmótinu í röð rættist ekki. Sænska liðið tapaði fyrir því danska, 30-26, í milliriðli 2 á HM í gær. Strákarnir hans Kristjáns Andréssonar enduðu í 3. sæti milliriðils 2 og mæta Króatíu í leiknum um 5. sætið á laugardaginn. Svíþjóð endaði í 2. sæti á EM í fyrra og í 6. sæti á HM 2017.

Danir unnu milliriðil 2 með fullu húsi og mæta Frökkum í undanúrslitunum á morgun. Í hinum undanúrslitaleiknum mætast Þjóðverjar og Norðmenn. Bæði lið unnu sína leiki í gær. Þýskaland vann Spán, 31-30, og Noregur rúllaði yfir Ungverjaland, 35-26. – iþs


janúardagar
15-50% afsláttur af gæðavörum ORMSSON
AEG
helluborð
15%
afsláttur
SAMSUNG
örbylgjuofnar
15%
afsláttur
AEG
ryksugur
afsláttur
LOKAdagar
Tefal
Pottar og pönnur
de BUYER
DEPUIS 1830
40%
afsláttur
AEG
þvottavélar
15%
afsláttur
AEG
þurrkarar
15%
afsláttur
AEG
uppþvottavélar
15%
afsláttur
AEG
ofnar
15%
afsláttur
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15
ormsson
Netverslun
ORMSSON.IS
ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

netto

128 SÍÐUR AF FRÓÐLEIK OG TILBOÐUM!




# KYNNTU ÞÉR ÖLL FRÁBÆRU TILBOÐIN Í HEILSUBÆKLINGI NETTÓ

Fylgstu með og nálgastu upplýsingar inn á netto.is og Facebook síðu Nettó varðandi kynningar í verslunum á heilsudögum.




## OFURTILBOÐ - GILDIR ÞENNAN EINA DAG!

### Fimmtudagur 24. jan.
*Tilboð dagsins*




40% AFSLÁTTUR

**Trafo flögur**
Saltaðar og Sour Cream & Onion 125 G

**179** KR/PK
**ÁÐUR:** 299 KR/PK



50% AFSLÁTTUR

**Vatnsmelónur** (kg)
**105** KR/KG
**ÁÐUR:** 209 KR/KG

### Föstudagur 25. jan.
*Tilboð dagsins*




40% AFSLÁTTUR

**Guli Miðinn Kalk+Magnesium**
180 töflur

**497** KR/PK
**ÁÐUR:** 829 KR/PK



50% AFSLÁTTUR

**Spínat** (140 G - baby)
**229** KR/KG
**ÁÐUR:** 458 KR/KG

### Laugardagur 26. jan.
*Tilboð dagsins*




34% AFSLÁTTUR

**Biona kjúklingabaunir**
400 G

**145** KR/PK
**ÁÐUR:** 219 KR/PK




50% AFSLÁTTUR

**Engiferrót** (200 G)
**115** KR/PK
**ÁÐUR:** 229 KR/PK

# VERIÐ VELKOMIN Á HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGA

## 24. JANÚAR - 6. FEBRÚAR

### Allar vörur frá Sólgæti á 25% afslætti




### Allar vörur frá Himneskri Hollustu á 25% afslætti




### Allar vörur frá Rapunzel á 25% afslætti




### Allar vörur frá Änglamark á 25% afslætti




### Allar vörur frá The Berry Company á 25% afslætti




### Ella´s Kitchen skvísur á 20% afslætti




### Öll Fulfil stykki á 25% afslætti




### Allar vörur frá Biona á 25% afslætti





netto Á NETINU

**Tilboðin gilda 24. janúar - 6. febrúar 2019**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

www.netto.is



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Hörður Sævar Óskarsson**

*íþróttakennari frá Siglufirði,*

sem lést á Landspítalanum 17. janúar 2019, verður jarðsunginn frá Áskirkju í Reykjavík föstudaginn 25. janúar kl. 13.00.

**Ómar Sævar Harðarson** **Ingibjörg Kolbeins**
**Harpa Sjöfn Harðardóttir**
**Anna Sigurborg Harðardóttir**
**Óskar Sigurður Harðarson** **Arndís K. Kristleifsdóttir**
**Jón Hugi Svavar Harðarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
við andlát og jarðarför

**Steinbjörns Björnssonar**

*Búðagerði 5, Reykjavík.*

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Droplaugarstaða fyrir góða umönnun.

**Aðstandendur**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir
og amma,

**Signý Gunnarsdóttir**

*dagmamma,*
*Hörðalandi 16,*

lést umvafin ástvinum sínum á líknardeild Landspítalans föstudaginn 18. janúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 25. janúar kl. 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð líknardeildar og heimahlynningar Landspítalans.

**Svanhildur Ragnarsdóttir** **Ragnar Páll Aðalsteinsson**
**Gunnar Ragnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Jóhanna Gunnarsdóttir**

lést föstudaginn 18. janúar 2019 að sambýlinu Roðasölum 1, Kópavogi. Sálumessa verður í Dómkirkju Krists konungs í Landakoti föstudaginn 1. febrúar kl. 13.00.

**Baldur Hermannsson** **Jóna I. Guðmundsdóttir**
**Helgi Torfason** **Ella B. Bjarnarson**
**Anna G. Torfadóttir** **Gunnar J. Straumland**
**Flosi Þorgeirsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Þorvaldur Ólafsson**

*vélstjóri, Strikinu 2, Garðabæ,*

sem lést 12. janúar á Hrafnistu í Hafnarfirði verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju föstudaginn 25. janúar kl. 15.00.

**Ólöf Árnadóttir**
**Ólafur Þorvaldsson** **Erla Kjartansdóttir**
**Steinunn Þorvaldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot



**Guðmundur, forstöðumaður Skjala-og myndasafns Norðfjarðar, við vinnuborðið sitt.** MYND/MAGNÚS STEFÁNSSON

## 500 hillumetrar af skjölum

**Guðmundur Sveinsson, forstöðumaður Skjala- og myndasafns Norðfjarðar, var meðal hvatamanna að stofnun safnsins fyrir fjörutíu árum og hefur haft umsjón með því síðan.**

Við reynum að safna sem mestum heimildum um okkar svæði, viljum eiga sögu byggðarinnar, útgerðarinnar og mannlífsins og erum með um 500 hillumetra af skjölum og talsvert á annað hundrað þúsund myndir,“ segir Guðmundur Sveinsson, forstöðumaður Skjala- og myndasafns Norðfjarðar, og rifjar upp sögu safnsins í fáum orðum, í tilefni 40 ára afmælis þess.

„Við sem sátum í safnanefnd bæjarins fórum að ræða þörf fyrir svona safn árið 1978. Í janúar 1979 ákvað bæjarstjórn að því skyldi komið á laggirnar. Svo ég er búinn að vera að dunda í þessu í rúmlega fjörutíu ár, því við vorum byrjuð að sanka að okkur efni áður en safnið varð til.“

Guðmundur segir safnið hafa vaxið jafnt og þétt. „Ég vil að fólk sem ætlar með skjöl, bréf eða myndir á haugana komi frekar með slíkt til mín og leyfi efninu að njóta vafans. Við verðum að láta okkur varða allt sem snertir þetta byggðarlag ef við ætlum að halda í söguna okkar. Það gera ekki aðrir fyrir okkur.“

Spurður hvort hann sé einn á skjalasafninu svarar Guðmundur: „Svona safn verður ekki til hjá einhverjum einum – en ég er eini starfsmaðurinn. Við eigum samtaka fólk í þessum málum, vil ég meina. Það hringdi nú maður í mig bara í fyrradag og spurði hvort ég vildi 6.100 skuggamyndir, faðir hans tók þær og ég veit að hann átti góða myndavél. Annar kom með albúm í fyrradag.“ Hann segir alla sem vilja geta skoðað muni safnsins, eftir samkomulagi. „Síðan erum við á hverju einasta þriðjudagskvöldi í Safnahúsinu með óþekktar myndir. Þá kemur hópur – öldungaráðið – til að hjálpa mér að þekkja og greina myndir. Svo eru þær skráðar og settar í sérbúin umslög.“

Norðfirðingar eiga myndarlegt safnahús, upphaflega byggt af Sameinuðu íslensku verslununum 1922-23. Það hýsir þrjú söfn, Myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar, Sjóminja- og smiðjusafn Jósafats Hinrikssonar og Náttúrugripasafn Neskaupstaðar. Skjala- og myndasafnið er annars staðar. „En við erum að stefna að því að koma því í næsta hús við Minjasafnið,“ segir Guðmundur. „Það eru draumar safnamanna.“ **gun@frettabladid.is**



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur stuðning, samúð og hlýju við andlát og útför elsku mömmu okkar,

**Huldu Ólafsdóttur**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Hrafnistu í Reykjavík H2 fyrir góða umönnun.

**Ragnheiður Hall**
**Steinunn Hall**



✝

Ástkær bróðir og frændi,

**Ingvar Einar Valdimarsson**

*frá Rúfeyjum,*
*Skólastíg 26, Stykkishólmi,*

lést á Landspítala Háskólasjúkrahúsi í Fossvogi 17. janúar sl. Útför fer fram frá Akraneskirkju mánudaginn 28. janúar kl. 13.

**Fjölskyldan.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Úndína Gísladóttir**

*frá Hrísey,*
*Boðaþingi 12,*

lést í faðmi fjölskyldu sinnar þann 7. janúar á dvalarheimilinu Höfða, Akranesi. Bálför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir sendum við starfsmönnum á Höfða fyrir einstaka hlýju og góða umönnun. Einnig viljum við senda heimilisfólkinu á Höfða þakkir fyrir góða viðkynningu.

**Gyða Jónsdóttir** **Þorgrímur Hallgrímsson**
**Guðbjörg Jóna Jónsdóttir** **Eiríkur Bragason**
**Sigrún Ísabella Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulega frænka okkar og mágkona,

**Jóna Sveinsdóttir**

*Nóatúni 32, Reykjavík,*

lést 13. janúar á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Reykjavík. Útförin fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 25. janúar klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Félag heyrnarlausra.

**Stefanía Muller**
**Björg Muller**
**María Muller**
**Leifur Muller**
**Sveinn Muller**
**Sigurður M. Harðarson**
**Anna María Harðardóttir**
**Ásdís Sigurðardóttir**
**þeirra fjölskyldur, börn, barnabörn og langömmubörn.**

THULE® SWEDEN

# Skíða- og snjóbrettabogar

**Fást í verslun okkar að Bíldshöfða 10**




Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Austan 10-15, snjókoma með köflum og slydda eða rigning síðdegis við suðurströndina. Hægari vindur og úrkomulítið norðan heiða, en dálítil snjókoma síðdegis. Frost 2 til 13 stig en fer hlýnandi er líður á daginn.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -1° | 1° | -1° |
| ←3 | ←7 | ↓3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -1° | -1° | -6° |
| ↓9 | ↙6 | ↓10 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -6° | -3° | 2° |
| ←2 | ←1 | ↘2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -4° | -6° | -12° |
| ↓9 | ↓9 | ↘4 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 1 | 3 |
| | 4 | 1 | | 3 | | 5 | | |
| 2 | | | | 8 | 5 | | | 4 |
| 1 | 5 | | 4 | | | 3 | 9 | |
| | 6 | 8 | | 7 | 9 | | | 2 |
| 4 | 2 | | | | | | | |
| 5 | 8 | | 2 | 9 | 7 | | | |
| | 9 | 3 | | | 4 | 7 | | 5 |
| | | | 6 | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | 1 | | 7 | | |
| | 6 | | 9 | | | | 3 | 1 |
| 3 | 2 | | | | | 4 | | |
| 5 | | | | 7 | | | 2 | |
| 7 | 1 | | | | | | | |
| | | 3 | 1 | | | | 5 | 8 |
| | | | | 9 | 7 | | | 4 |
| | 4 | | 3 | | 8 | | 6 | 7 |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 8 | 3 | | | |
| | 6 | 7 | | 9 | | | 2 | 8 |
| | | 5 | | | | 9 | | |
| | | | 8 | | | | 4 | |
| 5 | | | | 3 | | | | |
| 2 | 3 | 4 | 9 | | | | | 1 |
| 4 | | | 1 | | | | 9 | |
| 6 | | 1 | | | | | 5 | |
| | 2 | | 4 | | 5 | | | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 3 | 4 | 2 | 6 | 5 | 9 | 8 | 1 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 4 | 8 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 |
| 2 | 5 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 5 | 8 |
| 1 | 9 | 5 | 3 | 4 | 8 | 6 | 7 | 2 |
| 8 | 2 | 6 | 5 | 7 | 1 | 9 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 7 | 9 | 2 | 6 | 1 | 8 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 3 | 8 | 1 | 9 | 4 | 2 | 7 |
| 7 | 8 | 1 | 4 | 2 | 6 | 5 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 3 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 8 | 3 | 6 | 5 | 4 | 2 | 1 | 7 | 9 |
| 2 | 4 | 5 | 9 | 7 | 1 | 6 | 3 | 8 |
| 1 | 7 | 9 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 |
| 3 | 1 | 2 | 6 | 8 | 7 | 9 | 5 | 4 |
| 4 | 9 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 | 6 |
| 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 4 | 3 | 8 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 4 | 9 | 3 |
| 8 | 6 | 2 | 4 | 9 | 3 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 |
| 1 | 2 | 6 | 8 | 4 | 7 | 3 | 5 | 9 |
| 3 | 7 | 8 | 9 | 5 | 1 | 2 | 4 | 6 |
| 4 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 8 | 1 | 7 |
| 5 | 8 | 3 | 1 | 6 | 9 | 7 | 2 | 4 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 | 6 | 5 |
| 6 | 1 | 7 | 5 | 2 | 4 | 9 | 3 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 týndist
5 langar
6 í röð
8 þolanlega
10 tveir eins
11 flýtir
12 gömul
13 hófdýr
15 rannsókn
17 mýking

**LÓÐRÉTT**
1 jökulsorfin klöpp
2 kýs
3 einkar
4 högni
7 snjáður
9 kosinn
12 fjallsnöf
14 sauðaþari
16 tveir eins




**LÁRÉTT:** 1 hvarf, 5 vil, 6 rs, 8 allvel, 10 ll, 11 asi, 12 elst, 13 asni, 15 könnun, 17 línun.
**LÓÐRÉTT:** 1 hvalbak, 2 vill, 3 all, 4 fress, 7 slitinn, 9 valinn, 12 enni, 14 söl, 16 uu.

## Skák

Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Þröstur Þórhallsson (2.425) átti leik gegn Atla Frey Kristjánssyni (2.174) á Skákhátíð MótX.
**28. ... Hdxa7! 29. Dxa7 Hxa7 30. Rxa7 Ba4** og svartur vann skömmu síðar. Hjörvar Steinn Grétarsson er efstur með fullt hús eftir þrjár umferðir. Þröstur er í 2.-4. sæti ásamt Guðmundi Kjartanssyni og Baldri A. Kristinssyni með 2½ vinning. Jóhann gerði í gær jafntefli við hinn sterka rússneska stórmeistara Nikita Vitugov á Gíbraltar.
**www.skak.is** Nýjustu skákfréttir.





MARKAÐURINN

Viðskiptafréttir sem skipta máli

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 24. JANÚAR 2019

### Tónlist

**Hvað?** Ingibjörg Turchi og vinir
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
